

ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, skuli eiga lögheimili á Íslandi og þá væntanlega einnig makar þeirra skv. 7. gr. sömu laga, en Atlantshafsbandalagið, sem maki stefnanda starfar hjá, þykir verða að skoða sem alþjóðastofnun í skilningi þessa lagaákvæðis. Stefnandi hefur engu að síður flutt lögheimili sitt af landi brott og á það nú í Belgíu. Niðurstaða dómsins er því sú, að stefnandi fullnægi ekki kosningarréttarskilyrði því, sem kveðið er á um í d lið 1. mgr. 18. gr. laga nr. 58/1961, og enda þótt kröfu hennar hafi eigi verið mót-mælt af hálfu stefnda, verður hún ekki tekin til greina.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórn Reykjavíkur, skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Klöru Hilmarsdóttur, í máli þessu.

Þriðjudaginn 25. maí 1982.

Nr. 8/1982. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jóni Viðari Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Ómerking. Skjalafals. Þjófnaður. Bifreiðar.

Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Með stefnu 29. desember 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980. Var málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar. Ágrip barst Hæstarétti 31. mars 1982. Þetta mál var höfðað

gegn tveimur mönnum í héraði, en því er eingöngu áfrýjað að því er varðar ákærða.

Með stefnu 9. apríl 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar s. á. Var málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds refsingu til þyngingar. Ágrip barst Hæstarétti 10. nóvember 1981.

Með stefnu 19. júní 1981 áfrýjaði ríkissaksóknari að ósk ákærða dómi sakadóms Reykjavíkur 1. apríl s. á. Var málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip barst Hæstarétti 26. nóvember 1981.

Þessi þrjú mál hafa verið sameinuð í Hæstarétti.

Kröfur ríkissaksóknara eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum, en refsing lækkuð frá því, sem ákveðið er í héraðsdómum samanlögðum.

Verjandi krefst þess, að dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980 verði ómerktur og sakarkostnaður greiddur úr ríkissjóði, en til vara, að ákærði verði sýknaður af ákærum 9. desember 1974 og 10. júní 1975, en refsing vegna ákæruefna í ákæru 27. júní 1977 verði lækkuð. Þá krefst hann þess, að refsing sú, sem ákærða var dæmd með dómum sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981 verði lækkuð.

Ríkissaksóknari lýsti yfir því í málflutningi fyrir Hæstarétti, að fallið væri frá vísun í áfengislög í ákæru 27. júní 1977 í kafla II, 2. mgr., og í ákæru 19. desember 1980 í kafla I, 2. mgr., og enn í ákæru 4. mars 1981 í ákærulið 1, 2 og 3.

Á ákæruskjali 10. júní 1975 hefur ríkissaksóknari gert eftirfarandi leiðréttingar fyrir Hæstarétti:

1. Í kafla I, B 6 er ranglega greint númer á tékka 1620 í stað 1612.

2. Í III, 12 er greint tékkanúmerið 30373, en á að vera 30367.

Enn fremur lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fella ætti niður orðin „Ásgarði 141, Reykjavík“ úr sama tölulið.

Unnt er út af fyrir sig þrátt fyrir þessar villur að leggja dóm á ákæruefni, shr. 118. gr., 3. málsgr., laga nr. 74/1974, enda hefur fullkomin vörn komið fram um þau fyrir Hæstarétti svo leiðrétt.

I.

Ákæruefni, sem fjallað er um í dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980.

Í þessum dómi er leyst úr ákæruefnum samkvæmt þremur ákæruskjölum, 9. desember 1974, 10. júní 1975 og 27. júní 1977.

I.1. Brot þau, sem ákæruskjal 9. desember 1974 lýtur að, eru talin framan á tímabilinu 29. mars 1974 til upphafs ágústmánaðar s. á. Þessi brot rannsakaði lögreglan á Sauðárkróki 29. mars til 28. júlí 1974. Hinn 23. september s.á. kom ákærði fyrir sakadóm Sauðárkróks og tjáði sig um hvert einstakt sakarefni. Á grundvelli þessa var ákæra gefin út 9. desember s. á., eins og áður greinir. Eigi var hún birt ákærða fyrr en 5. maí 1976, og ritaði dómari á hana fyrirhugaðan þingfestingardag 28. júlí 1976. Málið var eigi þingfest fyrr en 19. ágúst s. á., og er þá skráð í þingbók, að fyrirtökudegi hafi verið frestað með samþykki ákærða. Í þingbók greinir, að ákærði hafi eigi komið fyrir dóminn, þótt honum hafi verið löglega boðað þinghaldið.

I.2. Brot þau, sem ákæra 10. júní 1975 varðar, eru talin framin í ágúst og september 1974. Rannsóknarlögreglan í Reykjavík rannsakaði öll þau brot þetta haust og fram á vetur. Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 26. nóvember 1974. Var þá bókað í þingbók: „Kærði kveðst hafa stolið 3 tékkheftum við innbrot í hús í Reykjavík og í bifreið í Húnaveri.

Kærði kveðst hafa falsað marga tékka úr tékkheftum þessum“.

Þá gekkst hann við því að hafa stolið í húsi við Barónsstíg „auk tékkheftisins 1 leðurjakka, sem hann seldi samdægurs, og veski með skilríkjum, . . .“. Að svo búnu var kveðinn upp gæsluvarðhalsúrskurður yfir ákærða.

Ákæra var gefin út 10. júní 1975 á hendur ákærða og öðrum manni. Ríkissaksóknari sendi bæjarfógetanum á Sauðárkróki hana með bréfi samdægurs, þar sem vakin er athygli á ákæru á hendur ákærða 9. desember 1974, sem ódæmd sé, „sem nærtækast sýnist að sameina máli þessu til dómsálag-“

ingar“. Ákæran var birt ákærða 5. maí 1976. Þetta mál var þingfest í sakadómi Sauðárkróks 19. ágúst 1976 sem sakadómsmálið nr. 22/1976, og virðist svo sem ákærunar tvær hafi átt að sameina í eitt og sama mál. Segir síðan í þingbók: „Hvorugur hinna kærðu er mættur í dóminum, og er þó báðum löglega stefnt. Hefur og hvorugur óskað eftir því, að sér yrði skipaður verjandi.“ Út af þeim ákæruefnum, er um ræðir í ákæruskjali 10. júní 1975, kom ákærði aldrei fyrir sakadóm Sauðárkróks.

Eftir þingfestingu máls í sakadómi Sauðárkróks 19. ágúst 1976 að lokinni framangreindri bókun í þingbók var málið dómtekið.

I.3. Hinn 27. júní 1977 gaf ríkissaksóknari út ákæru á hendur ákærða fyrir brot, sem talin eru framin í apríl 1977 og voru rannsökuð af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík á tímabilinu 18. apríl til 20. maí s. á. Sendi ríkissaksóknari bæjarfógetanum á Sauðárkróki ákæru þessa með bréfi samdægurs ásamt skýrslum rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík. Er jafnframt minnt á fyrri ákærunar tvær á hendur ákærða. Ákæra þessi var birt ákærða í Reykjavík hinn 26. ágúst 1977. Ekki greinir í birtingaráritun, hvenær mál þetta verði þingfest, og eigi, hver dómstóll muni fjalla um ákæruna.

Nú er ekkert aðhafst í máli þessu um langan tíma, eða allt til 19. maí 1980, þegar háð er dómþing í sakadómi Sauðárkróks. Segir þá í bókun, að fyrir sé tekið sakadómsmálið nr. 22/1978: Ákærvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari. Síðan er skráð: „Skjöl málsins nr. 1 til 58 liggja frammi í dóminum. Skjölín eru svohljóðandi: // /. Var þá í máli þessu kveðinn upp svofelldur dómur: . . .“. og er það hinn áfrýjaði dómur.

Þegar ákæru 9. desember 1974 og 10. júní 1975 voru þingfestar 19. ágúst 1976, var því máli gefið sérstakt númer (22/1976), en hinn 19. maí 1980 er sakadómsmálið nr. 22/1978 tekið fyrir. Af þeim þingskjölum nr. 1—58, „sem liggja frammi í dóminum“, má ráða, að þingskjöl nr. 1—51 séu skjöl þau, sem lögð voru fram í þinghaldi 19. ágúst 1976, en skjöl nr. 52—58 eru ákæran 27. júní 1977 ásamt rannsóknargögnum og öðrum skjölum, er hana varða, en engin grein

er gerð fyrir skjölum þessum í bókun í þinghaldi 19. maí 1980. Ekki er bókuð nein ákvörðun um, að málið nr. 22/1976, sem dómtekið var 19. ágúst 1976, sé endurupptekið né samkvæmt hvaða lagaheimild og þá eigi heldur, að hið nýja mál (nr. 22/1978) sé sameinað eldra málinu.

I.4. Ýmsir ágallar eru á meðferð og rekstri máls þessa, svo sem að framan greinir. Þar á meðal hafa rannsóknar-gögn og ákæruefni samkvæmt ákæruskjölum eigi verið kynnt ákærða og borin undir hann sem skyldi, og ákvörðun dómara um tíma og stað til þingfestingar máls samkvæmt ákæruskjali 27. júní 1977 var eigi rituð á ákæruskjalið, svo sem það var birt honum, og er það andstætt ákvæðum 3. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 19. gr. laga nr. 107/1976, og áður 4. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974. Eru hér slíkir megingallar á, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá og með þinghaldi 19. ágúst 1976. Verða því ekki efni til að fjalla um það hér, hvort sakir þær, sem greinir í ákæruskjölum 9. desember 1974 og 10. júní 1975, séu fyrndar.

II. Ákæruefni samkvæmt ákæru 19. desember 1980, dæmd með dómi sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

II.A. Atferli ákærða, það er lýst er í I. lið ákæru, varðar við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

II.B. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök í II.—IV. lið ákæru.

II.C. Atferli ákærða, sem hann er sóttur til saka fyrir í V. lið ákæru, varðar við 2. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr.

II.D. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ráðlag ákærða, sem hann er saksóttur út af í VI. og VII. lið ákæru.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um fébótakröfur nema um vexti. Dæma ber ársvexti af fébótakröfu verslunarinnar JMJ, Akureyri, frá 1. september 1980 46% til 1. mars 1981, frá þeim degi 42% til 1. júní s. á., 39% frá þeim degi til upp-

kvaðningar dóms þessa, en frá þeim degi hæstu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Ársvextir af fébótakröfu verslunarinnar Brynju, Akureyri, verði hinir sömu frá 1. október 1980, af fébótakröfu Hermínu Marinósdóttur frá 2. september s. á., af fébótakröfu iðnaðardeildar SÍS, Akureyri, frá 22. ágúst s. á., af fébótakröfu Kaupfélags Þingeyinga frá 11. ágúst s. á. svo og af fébótakröfu Hótel Reyhliðar frá 11. ágúst s. á.

III. Ákæruefni samkvæmt ákæru 4. mars 1981, dæmd með dómi sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1981.

III.1. Atferli ákærða 29. júlí 1980, sem honum er gefið að sök í ákæru, varðar við 14. gr., 25. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr., og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr., en eigi verður honum dæmd refsing samkv. 11. gr. og 18. gr. umferðarlaga.

III.2. Akstur ákærða 29. desember 1980 í fyrra skipti þann dag varðar við 2. mgr. 11. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 62/1976, 4. gr., og enn fremur við 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, 1. gr. Akstur hans sama dag að kveldi varðar við sömu refsíákvæði, en þetta atferli varðar þó við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ökuleyfissviptingu, þar sem brot er ítrekað, sbr. dóma sakadóms Reykjavíkur 9. apríl og 11. júlí 1980.

IV. Refsing og önnur viðurlög svo og sakarkostnaður.

IV.A. Refsingu ákærða vegna þeirra brota, sem hann er sakfelldur fyrir í þessum dómi, ber að ákveða með vísan til 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 10 mánaða fangelsi. Gæsluvarðhaldsvist sú, er ákærði sætti í 15 daga frá 26. nóvember 1974 og í 30 daga frá 21. apríl 1977 tengist ekki þeim brotum, sem ákærða er refsað fyrir í máli þessu. Kemur hún því eigi til álita hér refsingu hans til frádráttar.

Hér að framan er dæmt um fébótakröfur á hendur ákærða og kröfu um ökuleyfissviptingu ákærða.

IV.B. Allur kostnaður við áfrýjun sakar þeirrar, er dæmd var með dómi sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti af rekstri mála þeirra á hendur honum, sem dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti 3.500.00 krónur.

V. Rekstur máls þess, sem dæmt var í sakadómi Sauðárkróks 19. maí 1980, hefur farið mjög aflaga, og er getið ýmissa ágalla hér að framan. Töf hefur orðið á birtingu ákæru, svo sem greint hefur verið, og þess eigi gætt til hlítar að kveðja ákærða fyrir dóm til að kynna honum sakargögn. Þá hafa þau stórfelldu mistök orðið, að ekkert var aðhafst í máli, sem dómtekið var 19. ágúst 1976, allt til 19. maí 1980, er það var sameinað öðru máli. Í dóminum er eigi vikið einu orði að ástæðum þess, sem þó var ærið tilefni til. Engin skýring er heldur komin fram á því, að dómsgerðir voru eigi sendar ríkissaksóknara fyrr en með bréfi 4. desember 1981, er barst ríkissaksóknara hinn 29. s. m. samkvæmt því, er greinir í áfrýjunarstefnu, en ákærði hafði lýst því yfir þegar hinn 13. ágúst 1980, að hann óskaði eftir áfrýjun málsins.

Verður að átelja þessi mistök harðlega.

D ó m s o r ð :

1. Hinn áfrýjaði dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980 á að vera ómerkur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 19. ágúst 1976.
2. Ákærði sæti 10 mánaða fangelsi vegna brota, sem hann er sakfelldur fyrir með hinum áfrýjuðu dómum sakadóms Reykjavíkur. Þá eiga ákvæði dóms sakadóms

Reykjavíkur 26. febrúar 1981 um fébætur að vera óröskuð að undanteknum vöxtum, svo sem að framan greinir. Ákvæði dóms sama dómstóls 1. apríl 1981 um ökuleyfissviptingu eiga að vera óröskuð.

3. Allur kostnaður af áfrýjun sakar þeirrar, sem dæmd var í sakadómi Sauðárkróks 19. maí 1980, greiddist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmans, 3.500.00 krónur. Ákærði greiði allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti vegna mála þeirra á hendur honum, sem dæmd voru í sakadómi Reykjavíkur 26. febrúar og 1. apríl 1981, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun framangreinds verjanda síns fyrir Hæstarétti, 3.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 19. maí 1980.

Ár 1980, 19. maí, var kveðinn upp í sakadómi Sauðárkróks, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki, af Þorbirni Árnasyni, fulltrúa bæjarfógeta, dómur í sakadómsmálinu nr. 22/1976: Ákærvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari, sem tekið var til dóms 19. ágúst 1976.

I.

Málið er höfðað með ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagssettum 9. desember 1974, gegn ákærða Jóni Viðari Ágústssyni, Birkihlíð 1 á Sauðárkróki, fæddum 26. maí 1952 í Reykjavík, fyrir eftirgreind brot:

1. Föstudagsnóttina 29. mars 1974 ekið bifreiðinni K 882 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum um götur á Sauðárkróki, allt þar til lögreglumenn hindruðu hann í frekari akstri í Hlíðarhverfi þar í bæ.

Telst þetta varða við 2. málsgrein, sbr. 4. málsgrein 25. greinar og 3. málsgrein 80. greinar, sbr. 81. grein umferðarlaga nr. 40/1968.

2. Einhvern tíma fyrstu dagana í aprílmánuði 1974 stolið frá Eiríki Björnssyni, Lindargötu 9, Sauðárkróki, bankabók á Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki, með innstæðu að fjárhæð kr. 10.849, tekið síðan út úr bókinni kr. 5.250 og veðsett síðan bókina Magnúsi Konráðssyni, Sævarstíg 4, Sauðárkróki, til tryggingar greiðslu á láni að upphæð kr. 3.000, sem ákærði fékk hjá Magnúsi með þessum hætti.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

3. Þriðjudaginn 7. maí 1974 stolið frá fyrrgreindum Magnúsi Konráðssyni kr. 20.000 í peningum, og fór takan fram á heimili Magnúsar að Sævarstíg 4, Sauðárkróki, þar sem ákærði kom til að sækja fyrrgreinda bankabók, en hitti engan þá heima.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

4. Fimmtudaginn 25. júlí 1974 komið að bænum Vöglum, Akrahreppi í Skagafirði, og stolið þar úr ólæstum skáp kr. 8.500 frá bóndanum, Gísla Magnússyni. Sama dag komið á heimili Friðbergs Sveinssonar, Skógargötu 10, Sauðárkróki, og stolið þar frá Friðbergi ávísun á orlofsfé að fjárhæð kr. 6.596. Falsað síðan úttektarheimild sér til handa til að taka út orlofsfé, sem hann fékk greitt á pósthúsinu á Sauðárkróki með tékka á Búnaðarbanka Íslands, stíluðum á Friðberg Sveinsson, sem ákærði fram-seldi síðan með því að falsa á hann nafn Friðbergs.

Telst þetta varða við 1. málsgrein 155. greinar og 244. grein almennra hegningarlaga.

5. Loks er ákærða gefið að sök að hafa fyrstu dagana í ágúst-mánuði 1974 stolið á skrifstofu Skjaldar h/f á Sauðárkróki tveimur tékkum á Iðnaðarbanka Íslands h/f, sem báðir voru út gefnir af Skildi h/f, annar að fjárhæð kr. 2.000, en hinn að hluta óútfylltur, að fjárhæð 16.354, auk þess sem ákærði hafði á brott með sér af skrifstofunni kr. 2.700 í peningum.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

II.

Þá er málið höfðað með ákæru, dagsettri 10. júní 1975, gegn sama Jóni Viðari Ágústssyni og Atla Örvari sjómanni, Laugavegi 54 í Reykjavík, fæddum þar í borg 26. febrúar 1938, fyrir eftirgreind brot:

I.

1. Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er gefið að sök að hafa um verslunarmannahelgina 1974 stolið úr bifreiðinni E 1515 við samkomuhúsið Húnaver í Laugadal tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, útibúið á Blönduósi, og áfengisflösku með slatta í, hvort tveggja úr eigu Kristjáns Péturssonar, Húnabraut 7, Blönduósi.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærða Jóni Viðari er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af fyrrgreindu þjófnaðarbroti tekið til við að gefa út tékka úr greindu tékkhefti, ýmist í eigin nafni, án innstæðu, eða með fölsuðum nafnritunum, sem hann notaði síðan í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

a. Tékkar gefnir út af ákærða Jóni Viðari Ágústssyni í eigin nafni:

1. C nr. 1614, að fjárhæð kr. 3.630, útgefinn til ÁTVR 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á áfengi í vínbúðinni að Lindargötu 46, Reykjavík.
2. C nr. 1616, að fjárhæð kr. 194, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í lyfjabúðinni Iðunni í Reykjavík.
3. C nr. 1617, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, seldur á bifreiðastöð í Hafnarfirði.
4. C nr. 1618, að fjárhæð kr. 2.629, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í versluninni Hagkaupum í Reykjavík.
5. C nr. 1619, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á vörum í Ingólfsapóteki, Reykjavík.
6. C nr. 1620, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn á handhafa 6. ágúst 1974, notaður til vörukaupa í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2, Reykjavík.
7. C nr. 1621, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, seldur í einhverri verslun í Reykjavík.
8. C nr. 1622, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til greiðslu á aðgöngumiða o. fl. í Laugarásbíói í Reykjavík.
9. C nr. 1623, að fjárhæð kr. 250, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, notaður til vörukaupa í verslun í Reykjavík.
10. C nr. 1624, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn til handhafa 6.

ágúst 1974, notaður til vörukaupa í biðskýlinu við Bústaðaveg í Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. grein hegningarlaga.

- b. Tékkar úr sama hefti, falsaðir af Jóni Viðari Ágústssyni:
1. C nr. 1607, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn til handhafa, án dags. 1974, á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, óupplýst um notkun tékkans, sem framseldur er með nafninu Jón Tryggvason.
 2. C nr. 1608, að fjárhæð kr. 2.404, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, notaður í viðskiptum við Kaupfélag Húnavetninga Blönduósi.
 3. C nr. 1609, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til Hótels Blönduóss 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður til greiðslu á gistikostnaði á hótelinu.
 4. C nr. 1610, að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason og framseldur með sömu nafnritun, notaður í viðskiptum við Olíustöðina í Hvalfirði.
 5. C nr. 1611, að fjárhæð kr. 1.500, útgefinn til handhafa 5. ágúst 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður í viðskiptum við Staðarskála, Hrutafirði.
 6. C nr. 1620 (sic), að fjárhæð kr. 5.820, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason og framseldur með sömu nafnritun, notaður í viðskiptum við Sverri Jónsson leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi.
 7. C nr. 1613, að fjárhæð kr. 490, útgefinn til handhafa 6. ágúst 1974, á hann falsað útgefandanafnið Þorsteinn Árnason, notaður í viðskiptum við Björn Pálsson ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðahreppi.

Telst þetta varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er gefið að sök að hafa miðvikudaginn 11. sept. 1974 brotist inn í kjallaraherbergi að Barónsstíg 65 í Reykjavík, þar sem Kristinn Þór Jakobsson matreiðslunemi bjó, og stolið frá honum leðurjakka og peningaveski, sem hafði

að geyma, auk persónulegra skilríkja, tékkhefti á sparisjóðinn í Keflavík.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

III.

Ákærða Jóni Viðari Ágústssyni er svo gefið að sök að hafa í framhaldi af þjófnaðarbroti því, sem greinir í kafla II hér að framan, tekið til við að gefa út tékka úr þar greindu tékkhefti með fölsuðum nafnritunum, að undanskildum einum tékka, sem ákærði gaf út í eigin nafni, og notað síðan tékkana í viðskiptum, fyrst einsamall og síðan í félagi við meðákærða, Atla Örvar, svo sem nánar verður vikað að hér á eftir, þegar Atli á í hlut.

1. Nr. 30360, að fjárhæð kr. 500, útgefinn til handhafa 11. september 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Guðmundur Árnason, notaður í viðskiptum við söluturninn, Lokastíg 12, Reykjavík.
2. Nr. 30361, að fjárhæð kr. 9.200, útgefinn til Árna Magnússonar 11. september 1974 og á hann falsað útgefandanafnið Ólafur Sigurðsson og framsalið Árni Magnússon, notaður í viðskiptum við verslunina Víkurnesti í Grindavík.
3. Nr. 30362, að fjárhæð kr. 4.200, útgefinn til handhafa 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við verslunina Karnabæ í Reykjavík.
4. Nr. 30363, að fjárhæð kr. 4.800, útgefinn til ÁTVR 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við vínúðina við Laugarásveg í Reykjavík.
5. Nr. 30365, að fjárhæð kr. 8.500, útgefinn til Árna Magnússonar 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson og framsalið Árni Magnússon, Hólavegi 3, Kópavogi, notaður í viðskiptum við Hafnarbúðina í Keflavík.
6. Nr. 30366, að fjárhæð kr. 5.750, útgefinn til ÁTVR 11. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon, notaður í viðskiptum við áfengisútsöluna í Keflavík.
7. Nr. 30368, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og framsalið Gunnar Jónsson, notaður í viðskiptum við verslun Mjólkursamsölnunnar við Laugaveg í Reykjavík.

8. Nr. 30369, að fjárhæð kr. 2.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Magnús Árnason og framsalið Guðmundur Jónsson, Skúlagötu 68, notaður í viðskiptum við verslunina Skúlaskeið, Skúlagötu 64, Reykjavík.
9. Nr. 30370, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn til handhafa 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Árni Magnússon og notaður í viðskiptum við Hverfisbúðina, Hverfisgötu 117, Reykjavík.
10. Nr. 30371, að fjárhæð kr. 10.000, útgefinn til meðákærða, Atla Örvars, 12. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Jón Guðmundsson, notaður í viðskiptum við Ronald M. Kristjánsson leigubifreiðarstjóra, Bifreiðastöð Steindórs, með aðstoð meðákærða Atla Örvars, sem jafnframt framseldi tékkann með eigin nafni, þrátt fyrir fulla vitneskju um að tékkinn væri falsaður að öðru leyti.
11. Nr. 30372, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn til handhafa 13. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson, notaður í viðskiptum við eina af verslunum Silla & Valda í Reykjavík með aðstoð Atla Örvars, sem jafnframt framseldi tékkann með eigin nafni, þrátt fyrir fulla vitneskju um að tékkinn væri falsaður að öðru leyti.
12. Nr. 30367 (sic), að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til handhafa 5. september 1974 (sic), á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson, notaður í viðskiptum við verslunina Hástein, Ásgarði 41 í Reykjavík (sic), með aðstoð Atla Örvars með sama hætti og greinir í lið 11 hér að framan.
13. Nr. 30374, að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn til handhafa 13. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Pétur Sæmundsson og notaður í viðskiptum við Kjötbúðina Lauga-vegi 32, Reykjavík, með aðstoð Atla Örvars á sama hátt og fyrr greinir.
14. Nr. 30375, að fjárhæð kr. 3.800, útgefinn til ÁTVR 13. september 1974 af ákærða Jóni Viðari sjálfum í eigin nafni og notaður til greiðslu á vínföngum í vínbúðinni á Lindargötu 46 í Reykjavík.

Háttsemi beggja ákærðu, sem rakin er í kafla III hér að framan, telst varða við 1. málsgrein 155. grein almennra hegningarlaga, að undanteknum lið 14, sem telst varða við 248. grein sömu laga.

IV.

Ákærða Jóni Viðari er gefið að sök að hafa einhvern tíma í septembermánuði 1974 farið í heimildarleysi inn í húsakynni Óskars Clausen rithöfundar að Bankastræti 12 í Reykjavík, gert þar leit að peningum, sem hann ekki fann, en haft þaðan á brott með sér tékkhefti á Landsbanka Íslands, aðalbankann, sem hann fann í hirslum Óskars.

Ákærði telur sig hafa gefið út tvo tékka úr heftinu og notað í viðskiptum, en að því búnu komst tékkheftið með einhverjum hætti í hendur meðákærða, Atla Örvars, sem tók til að gefa út tékka úr heftinu, svo sem nánar verður rakið.

Framangreind háttsemi Jóns Viðars telst varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V.

Ákærða Atla Örvari er gefið að sök að hafa í framhaldi af viðtöku sinni á framangreindu tékkhefti gefið út eftirgreinda tékka, ýmist í eigin nafni og þá innstæðulausa eða með fölsuðum nafnritunum og notað þá í viðskiptum með eftirgreindum hætti:

1. B Nr. 203892, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn til handhafa 17. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Jón Guðmundsson, sem ákærði notaði síðan í viðskiptum við veitingahúsið Röðul í Reykjavík.
2. B Nr. 703893, að fjárhæð kr. 1.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til greiðslu á ökugjaldi til Rúnars Guðmundssonar leigubifreiðarstjóra, Meistaravöllum 21, Reykjavík.
3. B Nr. 703894, að fjárhæð kr. 5.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til skókaupa í Skóbúð Austurbæjar í Reykjavík.
4. B Nr. 703895, að fjárhæð kr. 3.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður til bensínkaupa hjá Olíufélaginu Skeljungi h/f í Reykjavík.
5. B Nr. 703896, að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn af ákærða sjálfum til Helga Aðalsteinssonar 18. september 1974, notaður til greiðslu á veitingum á Hótel Borg, Reykjavík.
6. B Nr. 703897, að fjárhæð kr. 4.000, útgefinn af ákærða sjálfum til handhafa 18. september 1974, notaður í viðskiptum við verslunina O. Ellingsen í Reykjavík.
7. B Nr. 703898, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn til handhafa 17. september 1974, á hann falsað útgefandanafnið Matthías

Ingibergsson og notaður í viðskiptum við Óskar Magnússon, Fellsmúla 12, Reykjavík.

8. B Nr. 703900, að fjárhæð kr. 40.000, útgefinn til handhafa 20. september 1974, falsaður á sama hátt og greinir í lið 7 og notaður í viðskiptum við Guðmund Ágúst Jónsson, þjón í veitingahúsinu Glæsibæ í Reykjavík, þar sem ákærði greiddi með tékkanum að hluta veitingar.

Háttsemi ákærða Atla Örvars, sem rakin er í kafla V, telst að því er varðar liði 1, 7 og 8 varða við 1. málsgrein 155. grein almennra hegningarlaga, en að öðru leyti við 248. grein sömu laga.

VI.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

III.

Þá hefur eftir dómtöku máls þessa verið birt ákæra á Jón Viðar Ágústsson, útg. 27. júní 1977, og óskað sameiningar hennar við fyrri mál ákærða við dómsuppsögu.

I. Ákærða eru gefin að sök fjársvik samkv. 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudagskvöld 6. apríl 1977 tekið á leigu bifreiðina R 1834 og látið aka með sig frá Reykjavík til Sauðárkróks og til baka án þess að hafa fé handbært til að greiða áfallið ökugjald, kr. 55.000.

II. Laugardagskvöldið 16. apríl 1977 eða síðar um nóttina braust ákærði ölvaður inn í húsið nr. 15 við Fjólugötu í Reykjavík og stal þaðan 14 áfengisflöskum, tveimur vindlingalengjum, fimm bókum, háfjallasól, útvarpstæki, peysu, ferðatösku, úri rafmagnsrakvél, hárkambi, jakka og buxum og reyndi að gangsetja bifreiðina R 39914 í bifreiðageymslu hússins í því skyni að taka hana í heimildarleysi.

Telst þetta varða við 244. grein og 1. málsgrein 259. grein, sbr. 20. grein almennra hegningarlaga, 2. málsgrein 25. greinar, sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

III. Þriðjudagskvöldið 19. apríl 1977 braust ákærði inn í hús nr. 9 við Njarðargötu í Reykjavík og stal þaðan 21 bók, allt að 45 hljómplötum, tveim gullhringum með steinum, vasatölvu, skrautbyssu, þremur minnispeningum, leðurjakka, úlpu, peysu, bol, buxum, ferðatösku, leðurbelti, hálsmeni, kveikjara og vasaljósi.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

IV.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1970 í Reykjavík: Uppvís að broti á 244. grein hegningarlaga, ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár 16. september 1970.
- 1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. grein umferðarlaga, sviptur ökuleyfi í þrjá mánuði frá 31. desember 1970.
- 1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. grein áfengislaga.
- 1971 30/11 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot á 21. grein áfengislaga.
- 1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: Sjö mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot á 244. grein hegningarlaga, 25. grein umferðarlaga og 24. grein áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í átta mánuði frá 11/3 1974.

Ákærði Atli Örvar hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir samkvæmt sakavottorði frá sakaskrá ríkisins:

- 1963 5/11 í Reykjavík: Sátt, 300 kr. sekt fyrir tékkamisferli.
- 1966 2/3 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 244. grein, sbr. 256. og 261. grein hegningarlaga.
- 1966 í Hafnarfirði: Áminning fyrir brot á 25. grein áfengislaga.
- 1966 12/8 í Hafnarfirði: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot gegn 248. grein, sbr. 1. málsgrein 256. grein hegningarlaga.
- 1966 18/10 í Hafnarfirði: Dómur: Fangelsi í fjóra mánuði, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. málsgrein 155. grein hegningarlaga.
- 1967 18/5 í Hafnarfirði: Sátt, 5.000 kr. sekt fyrir brot á 2. málsgrein, sbr. 3. málsgrein 25. gr., 1. málsgrein 37. grein, 2. málsgrein 41. grein og 49. grein umferðarlaga og 1. málsgrein 24. grein áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mánuði frá 7/2 1967.
- 1971 21/6 í Hafnarfirði, Sátt, 550 kr. sekt fyrir brot á 21. grein, sbr. 44. grein áfengislaga.

- 1971 3/5 í Hafnarfirði: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. grein hegningarlaga. (Dómur frá 18/10 1966 dæmdur með). Staðfest í Hæstarétti þann 11/11 1971.
- 1974 24/9 í Reykjavík: Dómur: Tveggja mánaða fangelsi fyrir brot á 259. grein hegningarlaga, 25. grein umferðarlaga og 244. grein áfengislaga (sic). Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 24/9 1974.

Málsatvik.

Ákæra, dags. 9. desember 1974.

Við rannsókn málsins er upplýst, að mætti (sic) ók aðfaranótt föstudagsins 29. mars 1974 bifreiðinni K 882 frá Lindargötu 9 á Sauðárkróki, en þar var hann þá búsettur, og áleiðis upp í Birkihlíð 1 og var þá undir áhrifum áfengis. Hann hefur skýrt svo frá, að kona sín hafi neitað sér um lykla að bílnum og hafi hann því leitt saman til að gangsetja bílinn. Lögreglan hafi veitt honum eftirför á þessum akstri hans og gefið honum stöðvunarmerki, sem hann hafi ekki sinnt, en bíllinn hafi stöðvast í brekkunni upp að Hlíðarhverfi og lögreglan þar náð sér og fært sig á sjúkrahúsið til þess að láta taka úr sér blóðsýni. Alkóhólmagn í blóði ákærða reyndist vera 1.54 promill. Brot ákærða, sem að sannað er með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu, varða við 2. málsgrein, sbr. 4. málsgrein 25. greinar og 3. málsgrein 21. greinar (sic) umferðarlaga nr. 40/1968.

Mætti (sic) hefur viðurkennt að hafa vorið 1974 tekið bankabók frá Eiríki Björnssyni, Lindargötu 9 á Sauðárkróki, en mætti (sic) var þá leigjandi hjá Eiríki. Bók þessa tók hann úr skifborðsskúffu, þegar Eiríkur var ekki heima. Mætti (sic) fór með bók þessa í Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki og tók út úr henni kr. 5.000, og hafði hann undirritað úttektarseðil með eigin nafni. Upphæð þessa hefur ákærði nú endurgreitt Eiríki, og hefur Eiríkur ekki farið fram á frekari greiðslur úr hendi ákærða. Nokkrum dögum síðar fékk ákærði lánaðar kr. 3.000 hjá Magnúsi Konráðssyni, Sævarstíg 4 á Sauðárkróki, og afhenti þá Magnúsi umrædda bankabók Eiríks að veði og tjáði Magnúsi, að bókin væri sín eign. Viku síðar fór mætti (sic) heim til Magnúsar. Segist hann þá hafa verið aðeins undir áhrifum áfengis. Erindið til Magnúsar var að fá afhenta bókina aftur, enda hafði hann þá meðferðis peninga til að greiða honum lánið. Óttaðist mætti (sic), að Eiríkur mundi sakna bókarinnar, og ætlaði að láta hana aftur, þar sem hann tók hana, að eigin sögn.

Magnús reyndist ekki vera heima, þegar mætti (sic) kom, en mætti (sic) segir, að opið hafi verið inn til hans. Hóf ákærði þá leit að bókinni og opnaði skápa og skúffur á heimili Magnúsar. Í skúffu efst í skápnum sá mætti (sic) talsvert af peningum og tók hluta þeirra, um kr. 20.000, en bókina fann hann hins vegar ekki.

Framangreind háttsemi ákærða, sem sönnuð þykir með játningu hans og framlögðum gögnum í málinu, þykir varða við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Magnús Konráðsson hefur ekki óskað eftir að hafa uppi skaðabótakröfur í máli þessu á hendur ákærða, enda mun ákærði hafa greitt beint til Magnúsar fé það, er hann stal frá honum.

Fimmtudaginn 25. júlí 1974 var ákærði staddur sem gestur að bænum Vöglum í Blönduhlíð í Skagafirði. Seinni part dagsins var mætti (sic) einn í bænum, og hefur hann játað að hafa þá notað tækifærið til þess að leita að peningum í húsinu og fundið kr. 8.000 í seðlaveski, sem geymt var í ólæstu skrifborði í svefnherbergi hjónanna, og tekið þá peninga og haft á brott með sér. Síðar þennan sama dag, 25. júlí 1974, fór mætti (sic) á heimili Friðbergs Sveinssonar, Skógargötu 10, Sauðárkróki. Friðberg var þá ekki heima, en sonur Friðbergs, 6 ára gamall, var heima, og sætti ákærði lagi, þegar hann hafði sent drenginn út í búð til að kaupa fyrir sig appelsín, að leita í íbúðinni, og rakst hann þá á umslag með orlofsávisun, sem að hljóðaði upp á 6.596 kr. Tók mætti (sic) ávisunina í þeim tilgangi að nota hana og útbjó síðan úttektarheimild sér til handa og stældi eftir því sem hann gat rithönd Friðberg undir heimildina. Fór mætti (sic) síðan á pósthúsið á Sauðárkróki og fékk þar orlofið greitt með ávisun á Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki, sem stíluð var á Friðberg Sveinsson. Fór mætti (sic) síðan með nefnda ávisun í verslunina Bláfell á Sauðárkróki og greiddi þar fyrir vöruúttekt með nefndri ávisun. Við framsal á ávisuninni skrifaði ákærði fyrst nafn Friðbergs Sveinssonar aftan á ávisunina og síðan sitt nafn undir.

Framangreind brot ákærða, sem þykja nægilega sönnuð með játningu hans og framlögðum gögnum í málinu, teljast varða við 1. málsgrein 155. greinar og 244. grein almennra hegningarlaga.

Aðiljar þeir, sem fyrir tjóni hafa orðið með þessu atferli ákærða, hafa ekki farið fram á greiðslur úr hans hendi við dómsálagningu, enda munu þeir hafa fengið greitt, að minnsta kosti að hluta, af launum hans hjá Útgerðarfélagi Skagfirðinga á Sauðárkróki á sínum tíma.

Þá hefur mætti (sic) viðurkennt að hafa síðustu dagana í ágúst-

mánuði 1974, u. þ. b. er hann hætti vinnu hjá Skildi h/f á Sauðárkróki, stolið á skrifstofu fyrirtækisins tveimur tékkum á Iðnaðarbanka Íslands, sem báðir voru út gefnir af Skildi h/f, annar að fjárhæð kr. 2.000, en hinn að hluta óútfylltur, að fjárhæð kr. 16.354 (sic). Auk þess tók hann þar á skrifstofunni kr. 2.700 í peningum. Ávísanir þessar seldi hann síðan í Varmahlíð á leið sinni á dansleik í Húnaveri. Eitthvað smávegis mun hann hafa keypt sér í Varmahlíð fyrir ávísanirnar, en fengið mismuninn til baka í peningum.

Framangreint brot ákærða, sem sannað er með játningu hans og gögnum málsins, teljast varða við 244. grein almennra hegningarlaga. Forráðamenn Skjaldar h/f hafa ekki krafist skaðabóta í máli þessu.

II.

Ákæra, dagsett 10. júní 1975.

Um verslunarmannahelgina 1974 var ákærði staddur að Húnaveri í Svartárdal í Húnavatnssýslu, þar sem þá var haldin skemmtun. Ákærði var talsvert ölvaður og braust þá inn í bifreiðina E 1515 og tók þaðan tékkhefti á Búnaðarbanka Íslands, útíbúið á Blönduósi, og áfengisflösku með slatta af áfengi í. Hvort tveggja var í eigu Kristjáns Péturssonar, Húnabraut 7 á Blönduósi.

Ákærði, sem hefur viðurkennt þetta brot sitt, hefur sagt, að hann telji, að tékkheftið hafi verið sem næst ónotað, enda er framhald málsins og útgáfa hans á tékkum í samræmi við það. Tékkka úr nefndu tékkhefti gaf ákærði út, bæði í eigin nafni og einnig með fölsuðum undirskriftum á nokkrum ávísunum. Eru ávísanirnar taldar upp í ákæru og rétt greindar þar, og þykir ekki ástæða til þess að telja þær upp aftur, enda hefur ákærði játað við yfirheyrslur brot sitt, og þykir það nægilega sannað með játningum hans og gögnum málsins. Tékkar þeir, sem ákærði hefur gefið út í eigin nafni, eru taldir upp undir staflið a í fyrsta lið ákæru frá 10. júní 1975, tölulíðum 1—10.

Telst þetta atferli ákærða varða við 248. grein almennra hegningarlaga. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta samkvæmt framkomnum kröfum þar um til eftirgreindra aðilja:

Vínbúðar ÁTVR að Lindargötu 46 í Reykjavík, upphæð tékka kr. 3.630.

Verslunarinnar Hagkaupa í Reykjavík, upphæð tékka kr. 2.629.
Ingólfs Apóteks í Reykjavík, upphæð tékka kr. 500.

Til Snorra Gíslasonar kaupmanns, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h. verslunarinnar Vestrið, Garðastræti 2 í Reykjavík, upphæð tékka kr. 1.000.

Til Finnboga I. Ágústssonar, Rauðagerði 52, Reykjavík, vegna biðskýlisins við Bústaðaveg, upphæð tékka kr. 3.000.

Þá hefur ákærði einnig viðurkennt að hafa falsað tékka úr sama ávísanahefti með ýmsum nafnrítunum, og eru tékkar þessir upp taldir í ákæru frá 10. júní 1975 undir staflið b, tölulíðum 1—7.

Ákærði hefur viðurkennt þar greind brot sín við yfirheyrslur, og þykja þau nægjanlega sönnuð með þeim játningum hans og gögnum málsins, og teljast þessi brot hans varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga.

Þá ber og að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta vegna falsaðra tékka til eftirgreindra aðilja:

Til Hótelis Blönduóss, upphæð tékka kr. 5.000.

Til Olúfélagsins h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, upphæð tékka kr. 6.000.

Til Sverris Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69, Kópavogi, kr. 5.820, sem er upphæð tékka.

Til Björns Pálssonar ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490, sem er upphæð tékka.

II.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa fyrir hádegi miðvikudaginn 11. september 1974 brotist inn í kjallaraherbergi að Barónsstíg 65 í Reykjavík, þar sem bjó Kristinn Þór Jakobsson matreiðslunemi, stolið frá honum leðurjakka og peningaveski, sem hafði að geyma, auk persónulegra skilríkja Kristins Þórs, tékkhefti á sparisjóðinn í Keflavík.

Ákærði hefur borið, að hann hafi verið staddur að Barónsstíg 65 til þess að heimsækja ömmu sína, sem þar hafi búið á efri hæð hússins, en hún hafi ekki verið heima. Hann muni hata verið í peningaleit og þess vegna brotist inn um kjallaraglugga, sem mun hafa verið opinn. Peningaveskinu kveðst ákærði hafa hent í ruslafötu, en jakkann segist hann hafa selt einhverjum náunga þetta sama kvöld, sem hann hitti við kaffivagninn á Grandagarði, fyrir kr. 4.000. Í nefndu tékkhefti munu hafa verið eftir 15—20 ávísanir.

Telst þetta brot ákærða vera nægilega sannað með játningu

hans og framlögðum gögnum í málinu og varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

Engin skaðabótakrafa hefur borist frá Kristni Þór Jakobssyni í máli þessu.

III.

Í framhaldi af þjófnaðarbroti því, sem greint var í kafla II, þegar ákærði Jón Viðar Ágústsson hafði brotist inn að Barónsstíg 65 í Reykjavík, hóf hann að gefa út tékka úr þar stolnu tékkhefti með fölsuðum nafnritunum, að undanskildum einum tékka, sem ákærði gaf út í eigin nafni.

Síðan notaði hann tékkana í ýmiss konar viðskiptum, fyrst ein-samall, en síðan í félagi við meðákærða Atla Örvar, svo sem greint er frá í ákæruskjali, en þeir félagar, ákærðu, munu hafa hist í Reykjavík um svipað leyti og þjófnaðurinn átti sér stað, en þeir eru gamlir skipsfélagar, og hófu þeir drykkju saman og voru á nokkurra daga fyllirí, eins og segir í gögnum málsins. Í þriðja kafla ákærunnar eru taldar upp fjórtán ávísanir, sem falsaðar hafa verið af þeim félögum, ýmist í sameiningu, samanber töluliði 10—13 í ákæruskjali, eða af Jóni Viðari einum, samanber töluliði 1—9 og tölulið 14.

Þykir ekki ástæða til eins og fyrr að rekja hér ávísanirnar sérstaklega, heldur vísa til ákærunnar, þar sem þær eru rétt upp teknar og frá viðskiptum greint.

Þykja brot hinna ákærðu nægjanlega sönnuð með gögnum málsins svo og játningum þeirra beggja á öllum liðum ákærunnar.

Er háttsemi þeirra, sem talin er í III. kafla ákærunnar, töluliðum 1—13, brot á 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga, en að því er tölulið 14 varðar, í þriðja kafla ákæru, brot á 248. grein nefndra laga. Þá ber að dæma ákærðu til greiðslu skaðabóta sem hér segir:

Ákærði Jón Viðar Ágústsson greiði skaðabætur til eftirgreindra aðilja:

Sveins Jónssonar kaupmanns, Frakkastíg 12, Reykjavík, vegna söluturnsins Tvists, Lokastíg 12, Reykjavík, kr. 500, sem er upphæð tékka.

Verslunarinnar Víkurness, Grindavík, kr. 9.200, sem er upphæð tékka.

Verslunarinnar Karnabæjar í Reykjavík, kr. 4.200, sem er upphæð tékka.

Vínbúðarinnar við Laugarásveg í Reykjavík, kr. 4.800, sem er upphæð tékka.

Hafnarbúðarinnar í Keflavík, kr. 8.500, sem er upphæð tékka.

Áfengisútsölnunnar í Keflavík, kr. 5.700, sem er upphæð tékka.

Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík, kr. 2.000, sem er upphæð tékka.

Verslunarinnar Skúlaskeiðs, Skúlagötu 54 í Reykjavík, kr. 2.000, sem er upphæð tékka.

Hverfisbúðarinnar, Hverfisgötu 17, Reykjavík, kr. 1.000, sem er upphæð tékka.

Vínbúðarinnar að Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 3.800, sem er upphæð tékka.

Þá ber að dæma ákærðu báða til greiðslu skaðabóta in solidum sem hér segir:

Til Ronalds M. Kristjánssonar leigubifreiðarstjóra, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000, sem er upphæð tékka.

Fyrirtækinu Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000, sem er upphæð tékka.

Versluninni Hásteini Ásgarði 141 í Reykjavík, kr. 5.000, sem er upphæð tékka.

Gunnari Gunnarssyni, Keldulandi 1 í Reykjavík, vegna Kjöt-
búðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000, sem er upphæð
tékka.

IV.

Á svipuðum tíma og greinir hér að framan var það sem ákærði Jón Viðar að eigin sögn hafði í hyggju að heimsækja Óskar Clausen rithöfund, Bankastræti 12 í Reykjavík, og fá lánaða hjá honum peninga. Óskar var ekki heima, og ákærði hefur borið, að dyrnar inn í íbúð hans hafi verið opnar og hafi hann gengið inn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa hafið leit að peningum í herberginu og fundið loks í skrifborðsskúffu tékkhefti á Landsbanka Íslands, aðalbankann í Reykjavík, og hafi hann tekið heftið og haft á brott með sér, en ekkert annað.

Þessi háttsemi ákærða, sem þykir nægilega sönnuð með játningum hans og framlögðum gögnum í málinu, telst varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V.

Meðákærði Atli Örvar komst síðan yfir tékkhefti það, sem Jón Viðar hafði stolið úr íbúð Óskars Clausen, annað hvort með af-

hendingu frá ákærða Jóni Viðari eða með öðrum hætti, sem ekki er fullljóst, og hóf hann síðan að gefa út tékka úr framangreindu tékkhefti, ýmist í eigin nafni og þá innstæðulausa eða með fölsuðum nafnritunum og notaði þá í viðskiptum með ýmsum hætti.

Tékkar þeir, sem ákærði Atli Örvar gaf út úr nefndu tékkhefti, eru raktir í fimmta kafla ákærunnar frá 10. júní 1975, og þykir ekki ástæða til þess að rekja þá frekar hér, en vísa til ákærunnar, þar sem þeir eru rétt upp teknir og viðskiptum lýst, sem áttu sér stað.

Þykir háttsemi ákærða Atla Örvar að því er varðar liði 1, 7 og 8 í fimmta kafla ákæruskjalsins varða við 1. málsgrein 155. greinar almennra hegningarlaga, en að því er varðar aðra töluliði, þ. e. a. s. 2., 3., 4., 5. og 6. við 248. grein sömu laga.

Þá þykir rétt að dæma ákærða Atla Örvar til greiðslu skaðabóta samkvæmt framkomnum skaðabótakröfum til eftirtalinnna aðilja:

Til veitingahússins Röðuls í Reykjavík, kr. 5.000, sem er upphæð tékka.

Til Rúnars Gunnarssonar leigubifreiðarstjóra, Meistaravöllum 21 í Reykjavík, kr. 1.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Olíufélagsins Skeljungs h/f í Reykjavík, kr. 3.000, sem er upphæð tékka, ásamt 2% dráttarvöxtum frá 18. september 1974 til greiðsludags.

Til Hótels Borgar í Reykjavík, kr. 6.000, sem er fjárhæð tékka, auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.

Til verslunarinnar O. Ellingsen í Reykjavík, kr. 4.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Óskars Magnússonar, Fellsmúla 12 í Reykjavík, kr. 40.000, sem er fjárhæð tékka.

Til Guðmundar Ágústs Jónssonar þjóns, Hellulandi 7 í Reykjavík, kr. 40.000, sem er fjárhæð tékka.

VI.

Þá hefur ákærði viðurkennt, sbr. dómskjal nr. 51 í málinu, að hafa brotist inn að Þórsögðu 19 í Reykjavík föstudaginn 1. ágúst 1975 og stolið þaðan 4 ársbókum og vasatölvu af Litronix-gerð.

Málavextir í það sinn voru þeir, að ákærði var að drykkju ásamt félögum sínum tveim. Fór ákærði þá upp í íbúð að Þórsögðu 19 til að falast eftir húsnæði til að drekka í. Þá var enginn heima í nefndu húsi, en ákærði stal úr herbergi, sem var ólæst og hann braust inn í, fjórum ársbókum og einni vasatölvu af Litronix-gerð. Bækurnar og tölvuna seldi svo ákærði til að afla

peninga fyrir áfengi og fari til Vestmannaeyja, en ákærði var þá skipverji á togaranum Ásver, VE 355. Ákærði hefur nú endurgreitt söluverð tölvunnar og hluta bókana, og eru ekki hafðar uppi skaðabótakröfur í málinu vegna þessa afbrots.

Þykir þessi sök ákærða vera nægilega sönnuð með játningu hans og framkomnum gögnum í málinu.

Framangreint brot ákærða varðar við 244. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

VII.

Ákæra, dagsett 27. júní 1977 .

1. Miðvikudagskvöldið 6. apríl 1977 tók ákærði á leigu bifreiðina R 1834 á leigubifreiðastöðinni Hreyfli í Reykjavík og lét aka með sig frá Reykjavík til Sauðárkróks og til baka og hafði þá ekki fé handbært til að greiða fyrir aksturinn. Sagði ákærði leigubifreiðarstjóranum, sem þekkti hann lítils háttar, að hann væri skipverji á m/b Donnu, HU 4, og að skipstjóri hans væri staddur í Reykjavík og mundi hann fá peninga hjá honum, þegar þeir kæmu aftur til Reykjavíkur daginn eftir. Þetta reyndist hins vegar ekki mögulegt, og hefur leigubifreiðarstjórinn, Sigurður Eiríksson, Langholtsvegi 173 í Reykjavík, gert kröfu til þess, að Jón Viðar verði dæmdur til þess að greiða sér ökugjaldið, kr. 55.000.

Framangreint brot ákærða, sem þykir nægilega sannað með játningum hans og gögnum málsins, er brot á 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Laugardagskvöldið 16. apríl 1977 eða aðfaranótt sunnudagsins 17. apríl braust ákærði inn í húsið nr. 15 við Fjólugötu í Reykjavík, sem er aðsetur norska sendiherrans á Íslandi, og stal þaðan talsverðu magni af áfengi, vindlingum, bókum, háfjallasól, útvarpstæki, peysu, ferðatösku, úri, rafmagnsrakvél, hárkambi, jakka og buxum og reyndi síðan að gangsetja bifreið sendiherrans, sem var af gerðinni BMW 525, skráningarnúmer R 39914, sem geymd var í bifreiðageymslu hússins, í því skyni að aka henni á brott í heimildarleysi.

Aðdragandinn að innbroti þessu var sá, að ákærði var á gangi um Bergstaðastræti í Reykjavík umrætt laugardagskvöld og var þá að leita að mannlausu húsi til að brjótast inn í og ná sér í peninga eða eitthvað fémætt til að selja. Fór hann um Bergstaðastræti og Bragagötu og kom þá auga á nefnt hús nr. 15 við Fjólugötu, sem var þá myrkvað, enda mannlaust, og kannaði

hann fyrst með því að hringja á dyrabjöllur, hvort þar væri einhver heima, og þegar ekki var svarað, fór hann að kjallaradyrum og braut rúðu og reyndi að komast þar inn, en tókst ekki, þar sem hurðin var vel læst að innanverðu. Fór hann síðan að kjallaraglugga, sem er undir altani, og braut þar rúðu í glugganum með því að sparka í hana og reif upp vírnet, sem í glugganum var, og fór þar síðan inn. Er inn í húsið kom, þá braut hann hurðir til að geta gengið greiðlega um það og rótaði til í herbergjum í leit sinni að fjármunum. Braust hann inn í vinkjallara hússins og tók þaðan talsvert af áfengi, 14 flöskur, sígarettur, og setti hvort tveggja í ferðatösku, sem hann fann í kjallaranum. Á efri hæð hússins reyndi hann að brjóta upp skrifborðsskúffur, sem voru læstar, en tókst ekki. Þaðan stal hann bókum og setti í ferðatöskuna, m. a. stóru útgáfuna af Einari Benediktssyni. Í húsinu, á vegg á fyrstu hæð, fann hann lykla, sem merktir voru bílskúrnum. Tók hann lyklana og fór í bílskúrinn og hugðist stela bifreið sendiherrans, sem er, eins og fyrr segir, BMW, en bifreiðin var læst. Braut hann hægri afturrúðu í hægri afturhurð bifreiðarinnar til þess að komast í hana. Síðan reyndi hann að gangsetja bifreiðina með ýmsum verkfærum, skrúfjárnri o. fl., reyndi að tengja saman sem kallað er, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að gera það, og skemmdi hann bifreiðina talsvert við þessar framkvæmdir sínar, en vegna vankunnáttu sinnar tókst honum aldrei að setja bílinn í gang.

Hann reyndi að selja bækur, sem hann hafði tekið í sendiráðinu, en tókst ekki, vegna þess að stimpill sendiráðsins var á bókunum, en þeim bókum, sem munu hafa verið þrjár, henti hann síðan í öskutunnu, þar sem hann sá, að tilgangslaust væri að reyna að selja þær. Hins vegar mun hann hafa selt tvær bækur, þar af hefur hann sagt, að önnur þeirra hafi verið stóra útgáfan af Einari Benediktssyni. Í húsinu Óðinsgötu 8 A fundust síðan eftirtaldir munir, sem stolið hafði verið úr sendiráðinu, en húsráðandi, Aðalheiður Ingimundardóttir, hefur sagt, að ákærði Jón Viðar hafi komið þangað sunnudaginn 17. eða mánudaginn 18. apríl til þess að hitta syni hennar, sem þá voru ekki heima, og hafi þá að líkindum skilið eftir eitthvert dót í íbúðinni, en Jón Viðar hafði komið þangað og verið þá með ferðatösku og sagðist vera að koma frá Vestmannaeyjum. Munir þeir, sem fundust þar, voru: brún ferðataska, blá handtaska, kvenmannsgullúr með gullkeðju, tegund Tudor, háfjallasól, ferðaútvarp af gerðinni Panasonil, og Philips rakvél með tveim rakhnífum. Allir þessir munir voru í

eigu norska sendiherrans, utan Philips rafmagnsrakvél, sem var ekki þeirrar gerðar, sem stolið var út sendiráðinu. Þessum munum hefur nú verið skilað aftur til sendiráðsins.

Framangreint brot ákærða, sem þykir nægilega sannað með játningu hans og gögnum málsins, varðar við 244. grein og 1. málsgrein 259. greinar, sbr. 20. grein almennra hegningarlaga, 2. málsgrein 25. greinar, sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

Rétt þykir að dæma ákærða til greiðslu skaðabóta til norska sendiráðsins samkvæmt síðar framkomnum kröfum.

3. Ákærði hefur viðurkennt að hafa þriðjudagskvöldið 19. apríl 1977 brotist inn í húsið nr. 9 við Njarðargötu í Reykjavík og stolið þaðan 21 bók, allt að 45 hljómplötum, tveim gullhringum með steinum, vasatölvu, skrautbyssu, þremur minnispeningum, leðurjakka, úlpu, peysu, bol, buxum, ferðatösku, leðurbelti, hálsmeni, kveikjara og vasaljósi.

Málsatvik eru þau, að ákærði ráfaði um nágrenni norska sendiherrabústaðarins, þar sem hann hafði brotist inn nokkrum kvöldum áður, eins og fram hefur komið, og hugðist hann brjótast þar inn á nýjan leik til þess að ná sér í áfengi, en vegna þess að ljós var í húsinu, taldi hann einhvern vera þar og hætti þess vegna við áform sín að brjótast þar inn. Hins vegar ákvað hann að leita að öðru mannláusu húsi, sem hann gæti brotist inn í í leit að áfengi eða einhverju fémætu. Kom hann þá að húsinu nr. 9 við Njarðargötu, þar sem enginn virtist vera heima. Fór hann að húsinu og bankaði á dyrnar nokkrum sinnum til þess að kanna, hvort þar væri nokkur innan dyra. Svo reyndist ekki vera, og braut hann þá rúðu í kjallaraglugga á vesturhlið hússins og fór þar inn. Fór hann um allt húsið í leit sinni að áfengi og einhverju fémætu, sem hann gæti stolið til þess að koma í peninga, og fann hann þar muni þá, sem upp voru taldir hér að framan, og hafði þá á brott með sér úr húsinu í kassa.

Seldi hann leigubifreiðarstjóra hluta þýfisins og fékk brennivínsflösku og nokkra peninga í staðinn og sneri síðan aftur að húsinu nr. 9 við Njarðargötu og braust inn aftur og dvaldist þar um nóttina.

Daginn eftir, miðvikudaginn 20. apríl, seldi síðan ákærði hljómplöturnar í Safnabúðinni við Laufásveg fyrir 10.000 kr., og síðar sama dag fékk hann kunningja sinn, Pál Konráðsson, til að fara í Fornbókaverslun Kristjáns á Hverfisgötu og selja bækurnar þar

fyrir sig, sem Páll gerði. Páll mun ekki hafa vitað, hvernig ákærði komst yfir bækurnar, en fyrir þær fékk hann kr. 17.000, sem hann fékk ákærða. Nokkru síðar en þetta gerðist var ákærði handtekinn, þar sem hann var á gangi á Laugaveginum, af rannsóknarlögreglunni, og var hann þá með á sér það, sem eftir var af þýfinu, sem lögreglan tók, svo og 25.400 kr. í peningum, sem hann átti eftir af andvirði hljómplatnanna og bókanna. Munir þeir, sem ákærði hafði á sér við handtökuna, voru eftirtaldir:

Tveir minnispeningar úr silfri, útgefnir í tilefni 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar af Seðlabanka Íslands, annar á 500 kr. og hinn á 1.000 kr., og eru þeir báðir saman í plastumbúðum.

Fimmtíu króna peningur í plastumbúðum, gefinn út í tilefni 50 ára fullveldis Íslands.

Skrautbyssu, framhlaðningur — gaskveikjari — lítið vasaljós — þrír smekkláslyklar og einn pípuþykill — og kr. 25.400 í peningum, eins og fyrr segir. Munum þeim, sem að framan getur, var skilað aftur til íbúðareiganda að Njarðargötu 9 í Reykjavík, Bergljótar Gunnarsdóttur, og endurgreiddar voru hljómplötur þær, sem ákærði hafði selt í Safnarabúðinni, og þær fengnar aftur, og enn fremur var greitt til Egils Bjarnasonar fornbókasala kr. 15.400, og gera þessir aðiljar ekki frekari kröfur í máli þessu.

Framangreint brot ákærða þykir nægjanlega sannað með játningum hans og framlögðum gögnum í málinu og varðar við 244. grein almennra hegningarlaga. Brunadeild Samvinnutrygginga krefst þess, að ákærði greiði þeim kr. 81.290. ásamt vöxtum og kostnaði frá 21. nóvember 1977 vegna endurgreiðslu trygginganna til Bergljótar Gunnarsdóttur, Njarðargötu 9 í Reykjavík, sem tryggð var hjá Samvinnutryggingum í Reykjavík.

VIII.

Eins og ljóst má vera af því, sem áður hefur verið rakið í málum þessum, virðist svo sem ákærði Jón Viðar Ágústsson sé síbrotamaður og ofdrykkjumaður. Er svo með hann eins og fleiri slíka, að einskis virðist svifist til þess að komast yfir áfengi. Engu máli virðist skipta, þótt fjöldi margir saklausir borgarar verði fyrir miklu tjóni og óþægindum af athöfnum þessara manna við áfengisútvegum sína. Rakið hefur verið, hvernig brotist hefur verið inn í mörg hús og munum stolið til þess að breyta þeim í peninga, svo hægt sé að kaupa áfengi, hvernig ávísanaheftum hefur verið stolið og gefnar út ávísanir, ýmist í eigin nafni og þá

á innstæðulausa reikninga og þá oft tilbúna og einnig með ýms- um öðrum nöfnum eftir hentugleikum. Jafnframt er ljóst, að þessir aðiljar hafa haft litlar tilraunir til að bæta fyrir brot sín með því að greiða þeim aðiljum, sem orðið hafa fyrir barðinu á athöfnum þeirra. Er því full ástæða til þess að líta brot slíkra manna mjög alvarlegum augum, enda hljóta slíkir menn, sem ganga lausir í þjóðfélaginu, að vera hinum almenna borgara stór- hættulegir.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur nr. 101/1974 var ákærði Jón Viðar Ágústsson dæmdur í 7 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár. Þetta skilorð hefur hann margoft brotið, og verður því refsing hans í þessum dómi ákveðin í einu lagi með tilliti til skilorðsrofa hans.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson hefur gerst brotlegur við 1. máls- grein 155. greinar, 244. grein og 248. grein og 1. málsgrein 259. greinar, sbr., 20. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 2. málsgrein 25., sbr. 80. grein umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. málsgrein 24. greinar, sbr. 45. grein áfengislaga nr. 82/1969.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 29. mars 1974 að telja. Þá þykir refsing ákærða Jóns Viðars Ágústssonar með til- liti til 8. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 30 mánaða fangelsi. Þá skal ákærði greiða skaðabætur, eins og krafist hefur verið og áður er rakið, til eftirgreindra aðila:

ÁTZR, Lindargötu 46 í Reykjavík, kr. 3.630.

Verslunarinnar Hagkaupa í Reykjavík kr. 2.629.

Ingólfss Apóteks í Reykjavík kr. 500.

Snorra Gíslasonar kaupmanns, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h.

verslunarinnar Vestursins, Garðastræti 2, Reykjavík, kr. 1.000.

Finnboga Þorsteinssonar, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 250.

Guðmundar Inga Ágústssonar, Rauðagerði 52, Reykjavík, kr.

3.000.

Hótels Blönduóss kr. 5.000.

Olúfélagsins h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, kr. 6.000.

Sverris Jónssonar leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69,

Kópavogi, kr. 5.820.

Björns Pálssonar ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490.

Sveins Jónssonar, Frakkastíg 12, Reykjavík, kr. 500.

Verslunarinnar Karnabæjar í Reykjavík kr. 4.200.

Útsölu ÁTZR við Laugarásveg í Reykjavík kr. 4.800.

Hafnarbúðarinnar í Keflavík kr. 8.500.

Áfengisútsölunnar í Keflavík kr. 5.750.

Mjólkursamsölunnar við Laugaveg í Reykjavík kr. 2.000.

Verslunarinnar Skúlaskeiðs, Skúlagötu 54, Reykjavík, kr. 2.000.

Hverfisbúðarinnar Hverfisgötu 117, Reykjavík, kr. 1.000.

Vínbúðarinnar Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 3.800.

Sigurðar Eiríkssonar leigubifreiðarstjóra, Langholtsvegi 173, Reykjavík, kr. 55.000.

Samvinnutrygginga í Reykjavík kr. 91.290 ásamt vöxtum og kostnaði frá 1. janúar 1978.

Norska sendiráðsins í Reykjavík samkv. síðar framlögðum reikningi.

Ákærði Atli Örvar hefur gerst brotlegur við 1. málsgrein 155. greinar og 248. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot hans þykja nægilega sönnuð með játningu ákærða sjálfs og gögnum málsins. Þykir refsing ákærða Atla Örvars með tilliti til 8. kafla almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Þá greiði ákærði Atli Örvar skaðabætur til eftirtalinna aðilja: Veitingahússins Röðuls, Reykjavík, kr. 5.000.

Rúnars Gunnarssonar, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr. 1.000.

Oliúfélagsins Skeljungs h/f í Reykjavík kr. 3.000 með 2% dráttarvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags.

Hótels Borgar í Reykjavík kr. 6.000 auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.

Verslunar O. Ellingsen í Reykjavík kr. 4.000.

Óskars Magnússonar, Fellsmúla 12, Reykjavík, kr. 40.000.

Guðmundar Ágústssónar, Hellulandi 7, Reykjavík, kr. 40.000.

Þá ber að dæma ákærðu, Atla Örvar og Jón Viðar Ágústsson, til greiðslu skaðabóta in solidum sem hér segir:

Ronald M. Kristjánssyni, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000.

Til fyrirtækisins Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000.

Til verslunarinnar Hásteins, Ásgarði 41, Reykjavík, kr. 5.000.

Til Gunnars Gunnarssonar, Keldulandi 1, Reykjavík, vegna Kjötbúðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar óskipt in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Jón Viðar Ágústsson sæti fangelsi í 30 mánuði.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson er sviptur ökuleyfi sínu ævi-
langt frá 29. mars 1974.

Ákærði Atli Örvar sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði Jón Viðar Ágústsson greiði eftirtöldum aðiljum
skaðabætur sem hér segir:

ÁTVR, Lindargötu 46 í Reykjavík, kr. 7430.

Versluninni Hagkaupum í Reykjavík kr. 2.629.

Ingólfs Apóteki í Reykjavík kr. 500.

Snorra Gíslasyni kaupmanni, Laugavegi 57, Reykjavík, f. h.
verslunarinnar Vestursins, Garðarsstræti 2, Reykjavík, kr.
1.000.

Finnboga Þorsteinssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr.
250.

Guðmundi Inga Ágústssyni, Rauðagerði 52, Reykjavík, kr.
3.000.

Hótel Blönduós kr. 5.000.

Oliúfélaginu h/f, Klapparstíg 27, Reykjavík, kr. 6.000.

Sverri Jónssyni leigubifreiðarstjóra, Kópavogsbraut 69,
Kópavogi, kr. 5.820.

Birni Pálssyni ljósmyndara, Víðilundi 4, Garðabæ, kr. 490.

Sveini Jónssyni, Frakkastíg 12, Reykjavík, kr. 500.

Versluninni Karnabæ, Reykjavík, kr. 4.200.

Útsölu ÁTVR við Laugarásveg í Reykjavík kr. 4.800.

Hafnarbúðinni í Keflavík kr. 8.500.

Útsölu ÁTVR í Keflavík kr. 5.750.

Mjólkursamsölunni við Laugaveg í Reykjavík, kr. 2.000.

Versluninni Skúlaskeið, Skúlagötu 54, Reykjavík, kr. 2.000.

Hverfisbúðinni, Hverfisgötu 117, Reykjavík, kr. 1.000.

Sigurði Eiríkssyni leigubifreiðarstjóra, Langholtsvegi 173,
Reykjavík, kr. 55.000.

Samvinnutryggingum í Reykjavík kr. 91.290 ásamt vöxt-
um og kostnaði frá 1. janúar 1978.

Norska sendiráðinu í Reykjavík samkv. síðar framlögðum
reikningi.

Ákærði Atli Örvar greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur
sem hér segir:

Veitingahúsinu Röðli, Reykjavík, kr. 5.000.

Rúnari Gunnarssyni, Meistaravöllum 21, Reykjavík, kr.
1.000.

Oliúfélaginu Skeljungu h/f í Reykjavík kr. 3.000 með 2%
dráttarvöxtum frá 1. september 1974 til greiðsludags.

Hótel Borg í Reykjavík kr. 6.000 auk vaxta og kostnaðar frá 18. september 1974.

Versluninni O. Ellingsen í Reykjavík kr. 4.000.

Óskari Magnússyni, Fellsmúla 12, Reykjavík, kr. 40.000.

Guðmundi Ágústi Jónssyni, Hellulandi 7, Reykjavík, kr. 40.000.

Ákærðu, Atli Örvar og Jón Viðar Ágústsson, greiði óskipt skaðabætur in solidum til eftirtalinna aðilja sem hér segir: Ronalds M. Kristjánssonar, Framnesvegi 11, Reykjavík, kr. 10.000.

Til fyrirtækis Silla & Valda í Reykjavík kr. 3.000.

Til verslunarinnar Hásteins, Ásgarði 41, Reykjavík, kr. 5.000.

Til Gunnars Gunnarssonar, Keldulandi 1, Reykjavík, vegna Kjötþúðarinnar Laugavegi 32, Reykjavík, kr. 6.000.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 26. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 75/1981: Ákærvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni, sem tekið var til dóms s. d.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dags. 19. september 1980, á hendur ákærða, Jóni Viðari Ágústssyni verkamanni, Gyðufelli 4 í Reykjavík, fyrir eftirtalin brot árið 1980 „með því að hafa: I. Mánudaginn 28. júlí ekið bifreiðinni Z 1043 frá Nauthólsvík, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, um götur Reykjavíkur, síðan til Keflavíkur og að hafa neytt áfengis við aksturinn um götur Keflavíkur, þar til ákærði hætti akstrinum við Birkiteig 5 þar í bænum.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

II. Að kvöldi þessa sama dags farið inn í húsið nr 4 A við Kirkjuveg í Keflavík og stolið plötuspilara, magnara og tveimur hátölurum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III. Aðfararnótt sunnudagsins 10. ágúst farið inn í kjallara hússins nr. 2 við Eiríksgötu í Reykjavík og stolið þar tveimur úrum og tveimur gullhringum með steinum.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

IV. Þriðjudaginn 16. september stolið 11 bókom í húsinu nr. 18 B við Óðinsgötu í Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. grein almennra hegningarlaga.

V. Daginn eftir ekið bifreiðinni H 1599, ófær til aksturs vegna áhrifa deyfilyfja og sviptur ökuréttindum, afturábak um bílastæði við Grettisgötu 12—18 í Reykjavík og á kyrrstæða bifreið þar á stæðinu.

Telst þetta varða við 2. mgr. 24. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga.

VI. Aðfararnótt sunnudagsins 10. ágúst brotist inn í húsið nr. 19 við Fjólugötu og stolið þar tékkhefti, merktu Verzlunarbanka Íslands h.f., Laugavegi 172 í Reykjavík, 2 ljósmyndavélum, 2 há-tölurum, plötuspilara, segulbandi, 5 spólum, viskíflösku, vindlingakveikjara, tónjafnara og 3 töskum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VII. Þennan sunnudag og daginn eftir falsað tékka á blöð úr ofangreindu hefti með nafni Jóns K. Friðgeirssonar, nema annars sé getið, á reikning 265, nema annars sé getið, alla stílaða á handhafa, og notað tékkana í viðskiptum, svo sem rakið er:

Nr. 1380351, kr. 120.000, útg. 10.8.1980, greiðsla til flugafgreiðslu Flugleiða á Reykjavíkflugvelli.

— 1380352, kr. 15.000, útg. sama dag, reikn nr. 276, með nafni Jóns K. Sigtryggssonar, seldur í Laugavegs Apóteki, Reykjavík.

— 1380354, kr. 30.000, útg. s. d., seldur í verslun JMJ Akureyri.

— 1380355, kr. 25.000, útg. s. d., greiðsla til Hótel Akureyrar.

— 1380356, kr. 15.000, útg. s. d., greiðsla til verslunarinnar Brynju, Aðalstræti 3, Akureyri.

— 1380357, kr. 20.000, útg. s. d., greiðsla til Hermínu Marinósdóttur, Litlu-Hlíð, Akureyri.

— 1380358, kr. 81.900, útg. s. d., greiðsla fyrir leiguakstur frá Akureyri til Mývatns.

— 1380360, kr. 20.000, útg. s. d., greiðsla fyrir vörur í verslun Kaupfélags Svalbarðseyrar að Fosshóli.

— 1380366, kr. 25.000, útg. 11.8.1980, seldur í verslun Kaupfélags Þingeyinga, Reykjahlíð.

Nr. 1380359, kr. 25.000, útg. 10.8.1980, seldur í Hótel Reynihlíð v. Mývatn.

— 1380361, kr. 20.000, útg. 11.8.1980, sama notkun.

— 1380363, kr. 10.000, útg. 10.8.1980, reikn. nr. 675, sama notkun.

— 1380364, kr. 35.000, útg. s. d., sama notkun.

— 1380365, kr. 5.000, útg. s. d., sama notkun.

— 1380367, kr. 10.000, útg. 11.8.1980, sama notkun.

— 1380369, kr. 100.000, útg. s. d., greiðsla til Pálma Karlssonar bifreiðarstjóra.

— 1380371, kr. 10.000, útg. s. d., sama notkun.

Telst þetta atferli ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

I.

Hinn 28. júlí 1980 ók ákærði bifreiðinni Z 1043 frá Reykjavík til Keflavíkur og síðan um götur þar í bæ. Ákærði hafði byrjað að neyta áfengis í Reykjavík, áður en akstur hófst, svo og neytti hann áfengis við aksturinn. Hann fann til áfengisáhrifa við aksturinn. Lögreglan í Keflavík hafði afskipti af ákærða, skömmu eftir að akstri hans lauk, og færði hann til blóðtöku. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist við rannsókn 1.24%.

Ákærði hafði með dómi 9. apríl 1980 verið sviptur ökuréttindum í 1 ár frá 25. janúar 1980.

Með eigin játningu ákærða, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og öðrum gögnum telst ofangreint atferli ákærða sannað, og varðar það við 1. og 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

II.

Þegar ákærði var staddur í Keflavík að kvöldi sama dags, 28. júlí 1980, fór hann inn í húsið Kirkjuveg 4 A þar í bæ og stal hljómflutningstækjum, þ. e. plötuspilara, magnara og tveimur hátölurum. Þjófnaður þessi var kærður strax þetta sama kvöld, og hafðist þegar upp á hljómflutningstækjunum í húsi, þar sem ákærði var staddur.

Framangreint atferli ákærða er sannað með eigin játningu hans

og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Aðfaranótt 10. ágúst sl. braust ákærði inn í kjallaraíbúð hússins Eiríksgötu 2 hér í borg. Stal hann þar tveimur hringum og kvenmanns- og karlmannsúrum. Kvenúrið og hringana gaf hann stúlku, en karlmannsúrið notaði hann sjálfur. Munirnir komust allir til skila til réttis eiganda.

Atferli það, sem hér hefur verið lýst, er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 244. gr. hegningarlaganna.

IV.

16. september sl. fór ákærði inn í íbúð að Óðinsgötu 18 B og stal þar 11 bókum, sem hann seldi í fornbókaverslun fyrir kr. 20.000. Bækurnar voru afhentar réttum eiganda af hálfu verslunarinnar.

Þetta atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum og varðar við 244. gr. hegningarlaga.

V.

Hinn 17. september sl., kl. 1100, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um, að þá skömmu áður hefði bifreiðinni H 1599 verið ekið aftur á bak á bifreiðina A 3694, sem stóð mannlauð á bifreiðastæði vestan Grettisgötu 12—18. Er lögreglumenn komu á vettvang, kom í ljós, að ákærði hafði ekið bifreiðinni H 1599 þarna, en sú bifreið var þarna á vegum Bílamarkaðarins til sölu. Hafði ákærði óskað eftir lyklum að bifreiðinni. Ákærði virtist mjög verulega undir áhrifum einhvers konar vímugjafa, og var allur framburður hans mjög ruglingslegur.

Ákærði var skoðaður kl. 0300 sama dag af Helga Guðbergssyni aðstoðarborgarlækni. Segir svo í vottorði hans, að ákærði hafi verið með 1 glas af Diazepam töflum (5 mg.) og 1 glas af Benxhexol töflum (5 mg.). Tjáði ákærði læknum, að hann hefði tekið nokkrar töflur um morguninn. Segir lækningurinn, að ástand hans hafi getað komið heim við, að hann væri undir áhrifum róandi lyfja og hafi þau væntanlega verið meiri fyrir hádegisþennan dag.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu 25. september skýrði ákærði svo frá, að hann hefði tekið inn „einhvern helling“ af Diazepam og

eitthvað meira af lyfjum umræddan dag. Muni hann síðan ekkert eftir sér fyrr en einhvern tíma síðari hluta dagsins, að hann var staddur í fangageymslu lögreglunnar. Hefur hann staðfest þetta fyrir dómi. Hann kveðst ekkert muna eftir að hafa ekið bifreiðinni H 1599 umrætt sinn, en hann vefengir ekki, að hann hafi gert það.

Fyrir dóminn hefur komið sem vitni Árni Einarsson bílasali, Skeggjagötu 8 í Reykjavík, sem kvaðst hafa verið við vinnu sína í Bilamarkaðnum, Grettisgötu 12—18, 17. september sl., er til hans kom maður, sem hann staðfesti, að væri ákærði, er hann sá hann í dóminum nú í dag. Bað ákærði um lykla að bifreiðinni H 1599, sem var þarna til sölu, í því skyni að fá að skoða hana. Árni sá ekkert athugavert við manninn og afhenti honum lykllana. Skömmu síðar kom hann aftur og kvað lykllana ekki ganga að bifreiðinni, en Árni tjáði honum, að svo hlyti að vera. Fór ákærði þá aftur út, en Árni var að tala í síma. Rétt á eftir, e. t. v. 10—15 mínútum síðar, fór Árni út til að hyggja að ákærða og aðstoða hann. Sá hann þá, að bifreiðin hafði verið færð úr stað, og virtist sem henni hefði verið ekið aðeins utan í Landrover bifreið, sem stóð í næsta stæði, og var bifreiðin H 1599 alveg upp við þá bifreið. Taldi Árni, að bifreiðinni hefði fyrst verið ekið áfram úr stæði sínu og síðan aftur á bak, uns hún lenti á hinni bifreiðinni. Ákærði stóð þarna rétt hjá og var að ræða við menn, sem voru þarna við vinnu. Var hann greinilega undir einhvers konar áhrifum, sem virtust hafa komið skyndilega yfir hann, og var lítt viðræðuhæfur. Afhenti hann Árna lykla að bifreiðinni að beiðni hans, og taldi Árni útilokað annað en hann hefði fært bifreiðina þarna. Öðrum hafi ekki verið til að dreifa. Tilkynnti Árni lögreglunni um atvik þetta.

Ákærði gerði engar athugasemdir við ofangreindan framburð.

Ákærði var sviptur ökuréttindum á þessum tíma, sbr. I hér að framan.

Með hliðsjón af gögnum málsins, einkum framburði ákærða og ofangreinds vitnis, telst sannað, að hann hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni H 1599 svo sem lýst er í ákæru, og varðar það atferli hans við 2. mgr. 24. gr. og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

VI

Aðfararnótt 10. ágúst braust ákærði inn í húsið Fjólugötu 19 og stal þar tékkhefti frá Verzlunarbanka Íslands h/f, 2 ljósmyndavélum, 2 hátölurum, plötuspilara, segulbandi, 5 segulbandsspól-

um, viskíflösku, vindlingakveikjara, tónjafnara og 3 töskum. Ákærði neytti áfengisins úr ofangreindri flösku og notaði ávísanir úr ávísanaheftinu, sbr. VII hér á eftir, en að öðru leyti munu framangreindir munir hafa komist til skila.

Atferli þetta telst sannað með eigin játningu ákærða og öðrum málgögnum, og varðar það við 244. gr. hegningarlaga.

VII.

Ákærði falsaði þennan dag og hinn næsta tékka úr framan- greindu ávísanahefti og notaði sem hér segir:

Tékki nr. 1380351, kr. 120.000, útg. 10. ágúst 1980, falsaður með nafni Jóns K. Friðgeirssonar á reikning nr. 265. Notaður til greiðslu til flugafgreiðslu Flugleiða á Reykjavíkurlflugvelli.

Tékki nr. 1380352, kr. 15.000, útg. sama dag á reikning nr. 276, með nafni Jóns K. Sigtryggssonar. Seldur í Laugavegs Apóteki í Reykjavík.

Tékki nr. 1380354, kr. 30.000, útgefinn s. d., á reikning 265, með nafni Jóns K. Friðgeirssonar. Seldur í verslun JMJ, Akureyri.

Tékki nr. 1380355, kr. 25.000, útgefinn s. d. á sama reikning, með sama nafni. Notaður sem greiðsla til Hótels Akureyrar.

Tékki nr. 1380356, kr. 15.000, útg. s. d. á sama númer með sama nafni. Notaður sem greiðsla til versl. Brynju, Aðalstræti 3, Akureyri.

Tékki nr. 1380357, kr. 20.000, útg. s. d., á sama reikning, með nafni Jóns K. Friðbergssonar. Ákærði kveðst hafa notað tékka þennan til greiðslu á áfengi, er hann hafi keypti af syni Hermínu Marinósdóttur, Litlu-Hlíð, Akureyri. Hermína segir hins vegar, að tékkinn hafi verið notaður til greiðslu á vörum í versluninni Esju, en ákærði hafnar því með öllu.

Tékki nr. 1380358, kr. 81.900, útg. s. d., á sama reikning, með sama nafni. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur frá Akureyri til Mývatns.

Tékki nr. 1380360, kr. 20.000, útg. s. d., á sama reikning, með sama nafni. Notaður til greiðslu á vörum í verslun Kaupfélags Svalbarðseyrar að Fosshóli.

Tékki nr. 1380366, kr. 25.000, útg. 11. ágúst 1980, á sama reikning, með sama nafni. Notaður í verslun Kaupfélags Þingeyinga, Reykjahlíð.

Tékki nr. 1380359, kr. 25.000, útg. 10. ágúst 1980, nr. 1380361, kr. 20.000, útg. 11. ágúst, nr. 1380363, kr. 10.000, útg. 10. ágúst, nr. 1380364, kr. 35.000, útg. s. d., nr. 1380365, kr. 5.000, útg. s. d.,

og nr. 1380367, kr. 10.000, útg. 11 ágúst. Allir útgefnir með sama nafni, Jóns K. Friðgeirssonar, og á sama reikningsnúmer, 265, nema tékki nr. 1380363, sem stílaður var á reikning nr. 675. Allir voru þessir tékkar notaðir í Hótel Reynihlíð við Mývatn.

Tékkar nr. 1380369, kr. 100.000, og nr. 138071, kr. 10.000, útg. 11. ágúst 1980, á sama reikning, með sama nafni. Notaðir til greiðslu til Pálma Karlssonar bifreiðarstjóra fyrir leiguakstur.

Atferli það, sem hér hefur verið lýst, telst sannað með eigin játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, og varðar það við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorði, dagsettu 28. janúar sl., hefur ákærði sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1970 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1970.
- 1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 3 mán. frá 31/12 1970.
- 1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1971 30/11 á Sauðárkróki: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 11/3 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 8 mán. frá 11/3 1974.
- 1978 20/7 í Kópavogi: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1977 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1979 24/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga.
- 1979 25/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 9/4 í Reykjavík: Dómur: 225.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1980.
- 1980 11/7 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1981 (hegningarauki).

1980 24/9 í Reykjavík: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 25/1 1982 (hegningarauki).

Dómurinn hafði grun um, að sakavottorð ákærða væri ekki með öllu rétt, þar eð nýlega hafði verið til meðferðar erindi frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu varðandi birtingu dóms á hendur ákærða. Var þess óskað, að ríkissaksóknari aflaði nánari gagna hér að lútandi. Í framhaldi af því barst dóminum með bréfi, dagsettu 4. þ. m., ljósrit dóms í sakadómsmálinu nr. 22/1976 á Sauðárkróki gegn ákærða, en dómur þessi var kveðinn upp 19. maí 1980. Er ákærði þar sakfelldur fyrir brot gegn 155., 244., 248. og 259. gr. alm. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Er hann dæmdur í 30 mánaða fangelsi og sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29. mars 1974. Í þessum dómi sakadóms Sauðárkróks virðist byggt á sakavottorði, þar sem síðasta innfærsla er dómur frá 11. mars 1974.

Ljóst er, að dómar, sem kveðnir voru upp í sakadómi Reykjavíkur 11. júlí og 24. september 1980 hafa verið kveðnir upp án vitneskju um þennan dóm sakadóms Sauðárkróks.

Refsing ákærða verður ákveðin með hliðsjón af ákvæðum 77. gr. almennra hegningarlaga svo og af 78. gr. sömu laga með tilliti til dóms frá 24. september 1980. Þá ber og að hafa í huga brotaferil ákærða. Að öllu þessu athuguðu þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Gerðar hafa verið skaðabótakröfur á hendur ákærða vegna tékka þeirra, sem um getur í ákærulið VII, og verður nú tekin afstaða til þeirra. Kröfurnar eru miðaðar við gamlar krónur, en fjárhæðir verða hér tilgreindar í nýjum krónum.

Flugleiðir gera kröfu á hendur ákærða um greiðslu andvirðis tékka nr. 1380351, kr. 1.200.00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, og verður hún tekin til greina.

Valdimar Óskarsson, Holtagerði 43, Kópavogi, krefst endurgreiðslu andvirðis tékka nr. 1380352, að fjárhæð kr. 150.00. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin til greina.

Verslun JMJ, Akureyri, gerir kröfu um greiðslu andvirðis tékka nr. 1380354, kr. 300.00 auk dráttarvaxta frá 1. september 1980 til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin

til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 1. september 1980 til greiðsludags.

Hótel Akureyri krefst þess, að ákærði greiði því andvirði tékka nr. 1380355, kr. 250.00. Ákærði samþykkir kröfuna, sem er tekin til greina.

Verslunin Brynja, Akureyri, gerir kröfu um, að ákærði greiði henni andvirði tékka nr. 1380356, kr. 150.00 auk dráttarvaxta frá 1. október 1980 til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfuna, sem tekin er til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 1. október 1980 til greiðsludags.

Hermína Marinósdóttir, Litlu-Hlíð, Akureyri, eigandi verslunarinnar Esju, Akureyri, hefur gert kröfu um, að ákærði greiði henni andvirði tékka nr. 1380357, kr. 200.00 ásamt dráttarvöxtum frá 2. september 1980 til greiðsludags. Ákærði hefur hafnað þessari bótakröfu á þeim forsendum, að rangt sé hjá bótakrefjanda, að hann hafi notað tékkann í ofangreindri verslun, heldur hafi hann notað hann til kaupa á áfengi. Ekki þykir hér skipta máli um bótaskyldu ákærða, hvaða viðskipti lágu að baki útgáfu hins falsaða tékka. Verður ákærði því dæmdur til að greiða krefjanda tékkafjárhæðina, kr. 200.00 auk 4.5% dráttarvaxta á mánuði frá 2. september 1980 til greiðsludags.

Iðnaðardeild SÍS Akureyri, gerir þá kröfu á hendur ákærða, að hann greiði henni andvirði tékka nr. 1380358, kr. 819.00 auk dráttarvaxta frá 22. ágúst 1980. Ákærði samþykkir kröfuna, og er hún tekin til greina þannig, að ákærði greiði af fjárhæðinni 4.5% dráttarvexti á mánuði frá 22. ágúst 1980 til greiðsludags.

Kaupfélag Svalbarðseyrar krefst þess, að ákærði greiði því andvirði tékka nr. 1380360, kr. 200.00. Ákærði hefur samþykkt kröfuna, sem tekin er til greina.

Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík, krefst greiðslu á andvirði tékka nr. 1380366, kr. 250.00 auk vaxta frá útgáfudegi tékkans, 11. ágúst 1980. Ákærði samþykkir kröfu þessa, og er hún tekin til greina þannig, að ákærði greiði 4.5% dráttarvexti á mánuði af fjárhæðinni frá 11. ágúst 1980.

Hótel Reynihlíð við Mývatn hefur lagt fram kröfu um greiðslu andvirðis 6 tékka, þ. e. nr. 1380359, 1380361, 1380363, 1380364, 1380365 og 1380367, samtals að fjárhæð kr. 1.050.00 auk dráttarvaxta frá útgáfudegi tékkanna til greiðsludags. Ákærði samþykkir kröfu þessa, sem tekin er til greina þannig, að ákærði greiði af fjárhæðinni 4.5% dráttarvexti á mánuði frá 11. ágúst 1980 til greiðsludags.

Að lokum hefur Pálmi Karlsson, Grenivöllum 28, Akureyri, gert þá kröfu á hendur ákærða, að hann greiði sér andvirði tókka nr. 1380369 og 1380371, samtals að fjárhæð kr. 1.100.00. Ákærði samþykkir kröfuna, sem tekin er til greina.

Að síðustu verður ákærði dæmdur til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Viðar Ágústsson, sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærði greiði eftirtöldum aðiljum skaðabætur sem hér segir:

Flugleiðum kr. 1.200.00. Valdimar Óskarssyni, Holtagerði 43, Kópavogi kr. 150.00. Verslun JMJ, Akureyri, kr. 300.00 með 4.5% dráttarvöxtum á mánuði frá 1. september 1980 til greiðsludags. Hótel Akureyri kr. 250.00. Versluninni Brynju, Akureyri, kr. 150.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 1. október 1980 til greiðsludags. Hermínu Marinósdóttur, Akureyri, kr. 200.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 2. september 1980. Iðnaðardeild SÍS, Akureyri, kr. 819.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 22. ágúst 1980 til greiðsludags. Kaupfélagi Svalbarðseyrar kr. 200.00. Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, kr. 250.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 11. ágúst 1980. Hótel Reynihlíð við Mývatn kr. 1.050.00 með 4.5% vöxtum á mánuði frá 11. ágúst 1980. Pálma Karlssyni, Grenivöllum 28, Akureyri, kr. 1.100.00.

Ákærði greiði allan kostnað málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 1. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 133/1981: Ákærvaldið gegn Jóni Viðari Ágústssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 4. mars 1981, gegn ákærða, Jóni Viðari Ágústssyni lagermanni, Gyðufelli 4, Reykjavík, fæddum þar í borg 26. maí 1952, „fyrir að aka þriðjudaginn 29. júlí 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Z 1043 heiman frá sér skammt austur fyrir Selfoss og áleiðis til baka, aka þá á allt að 120 km hraða miðað við klst. á Suðurlandsvegi, þar sem leyfilegur hámarkshraði er 80 km. Ennfremur fyrir að vanrækja að tilkynna eigandaskipti og

láta umskrá nefnda bifreið, er ákærði keypti hana af Emil Pálsyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, þann 28. júlí 1980, svo og að færa hana ekki til lögboðinnar aðalskoðunar 1979.

Telst þetta varða við 11. gr., 14. gr., 18. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Ennfremur fyrir að aka mánudaginn 29. september 1980 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum bifreiðinni Z 1043, án númeraspjalda, heiman frá sér að Apóteki Austurbæjar, Háteigsvegi 1, og eftir stutta viðdvöl þar niður á Laugaveg inn á baklóð húss nr. 47.

Telst þetta varða við 2. mgr. 11. gr., 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Loks fyrir að aka að kvöldi sama dags undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum sömu bifreið án númeraspjalda frá Laugavegi 47 um Frakkastíg, Hverfisgötu og Barónsstíg og eftir stutta viðdvöl þar í húsi aftur að Laugavegi 47.

Telst þetta varða við 2. mgr. 11. gr., 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins:

Um kl. 1830 þriðjudaginn 29. júlí sl. var hringt á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem talið var, að ökumaður bifreiðarinnar Z 1043, sem var austan Hveragerðis á vesturleið, væri ölvaður. Tveir lögreglumenn úr Árnessýslu, sem voru staddir á Þrengslavegi, fengu boð um talstöð um framangreindan akstur. Samkvæmt skýrslu Arngríms V. Baldurssonar lögreglumanns reyndu þeir lögregumennirnir að stöðva akstur bifreiðarinnar í Svínahrauni skammt austan Þrengslavegamóta, en bifreiðinni var ekið rakleitt fram hjá. Var lögreglubifreiðinni þegar snúið við og bifreiðinni veitt eftirför. Ökumaður bifreiðarinnar Z 1043 sinnti ekki stöðvunarmerkjum lögreglumannanna, þrátt fyrir að uppi voru höfð rauð aðvörunarljós og hljóðmerki. Mældist hraði bifreiðarinnar 120 km á klst. með því, að haldið var jöfnum hraða milli lögreglubifreiðarinnar og Z 1043. Talsverð umferð var í báðar áttir, og

sinnti ökumaður því engu, þótt hann mætti bifreiðum, um leið og hann ók fram úr öðrum bifreiðum. Er akstur þessi átti sér stað, var veður bjart og vegur þurr. Akstur bifreiðarinnar var stöðvaður skammt vestan Litlu-Kaffistofunnar. Ökumaður bifreiðarinnar reyndist vera ákærði í máli þessu, Jón Viðar Ágústsson. Virtist hann vera undir áhrifum áfengis eða lyfja. Kvaðst hann ekki hafa stöðvað bifreiðina, þegar honum var gefið merki um það, þar sem hann hefði verið undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt skráningarskrirteini, sem var í bifreiðinni, var hún síðast færð til skoðunar þann 8. maí 1978.

Skráður eigandi bifreiðarinnar Z 1043 reyndist vera Sigurður B. Halldórsson, Silfurbraut 33, Höfn, Hornafirði. Samkvæmt afsali, sem fannst í bifreiðinni, keypti ákærði bifreiðina af Emil Pálssyni, Fögrubrekku 1, Kópavogi, þann 28. júlí 1980.

Ákærði var fluttur á lögreglustöðina á Selfossi og var þar færður fyrir varðstjóra. Viðurkenndi hann að hafa ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis. Guðmundur Axelsson læknir kom á lögreglustöðina, og tók hann ákærða blóð til alkóhólrannsóknar kl. 1945. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans vera 2.12‰.

Ákærði var yfirheyrður vegna máls þessa hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 30. september sl. og 19. janúar sl. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið við áfengisneyslu á heimili sínu um kl. 12—1230 þennan dag. Skömmu síðar fór hann á bifreið sinni, Z 1043, frá heimili sínu og ók um ýmsar götur í Breiðholti og þaðan áleiðis til Selfoss. Var hann við áfengisneyslu á leiðinni. Kvaðst hann hafa ekið nokkurn spotta austur fyrir Selfoss, en snúið þar við, og ók hann sömu leið til baka, þ. e. um Suðurlandsveg. Hann fann til mikilla áfengisáhrifa við aksturinn, en mundi ekki, hversu mikið áfengi hann hafði drukkið. Ákærði kvaðst ekki mótmæla því, að hann hefði ekið með allt að 120 km hraða á klst. þann vegarkafla, sem hraðamæling lögreglumanna stóð, enda hefði hann ekki litið á hraðamælinn á þessari leið. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði vanrækt að tilkynna eigandaskipti að bifreiðinni Z 1043, sem hann keypti af Emil Pálssyni. Ákærði var ekki inntur eftir því við framangreinda yfirheyrslu, hvort hann hefði verið ökuréttindalaus við framangreindan akstur.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi í dag vegna máls þessa. Var framburður hans á sama veg og fyrir lögreglu. Viðurkenndi hann enn fremur, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum,

þegar aksturinn fór fram, svo og að hafa vanrækt að færa bifreiðina til lögboðinnar aðalskoðunar fyrir árið 1979. Staðfesti hann skýrslur sínar fyrir lögreglu.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er að sök gefin í fyrsta hluta ákæruskjals og þar þykir rétt heimfærð til refsíákvæða að öðru leyti en því, að brot hans þykir einnig varða við 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga, þar sem ákærði neytti áfengis við aksturinn.

II.

Mánudaginn 29. september sl., um kl. 2255, var lögreglumönnum úr Reykjavík, sem voru á eftirlitsferð á Skúlagötu, tilkynnt um númerslausa Volkswagen bifreið, sem hefði verið ekið inn á bifreiðastæði á bak við verslunina Adam á Laugavegi. Maður sá, er tilkynnti um aksturinn, kvað ökumanninn hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis og hefði bifreiðin rásað til á götunni. Lögreglumennirnir fóru á staðinn og sáu bifreiðina á bak við verslunina Adam. Var ökumaðurinn og farþegi í bifreiðinni að stíga út úr henni. Reyndist ökumaðurinn vera ákærði, Jón Viðar Ágústsson. Hann var færður fyrir varðstjóra, og við yfirheyrslu viðurkenndi hann, að hann hefði ekið bifreiðinni. Samkvæmt varðstjóraskýrslunni var ákærði mjög undir áhrifum áfengis eða lyfja. Að lokinni yfirheyrslu hjá varðstjóra var ákærði færður til töku blóðsýnis á slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 2345. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar reyndist alkóhól í blóði hans vera 1.89‰.

Ákærði var yfirheyrður vegna máls þessa fyrir lögreglu þann 30. september sl. og fyrir dómi í dag. Viðurkenndi hann, að hann hefði ekið bifreið sinni, sem áður bar skráningarmerkin Z 1043, númerslausri frá heimili sínu, Gyðufelli 4 hér í borg, um kl. 1400 framangreindan dag lítilla undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum. Ók hann um ýmsar götur og að Apóteki Austurbæjar, þar sem hann hafði viðdvöl um stund, og þaðan að baklöd við hús nr. 47 við Laugaveg. Ákærði kvaðst hafa setið að drykkju með tveim félögum sínum í húsinu nr. 51 við Laugaveg þar til um kl. 2230, en þá ók ákærði framangreindri bifreið frá þeim stað, sem hann hafði skilið hana eftir, um nærliggjandi götur og aftur til baka að porti við baklöd hússins nr. 47 við Laugaveg. Kvaðst ákærði hafa fundið til verulegra áfengisáhrifa, er hann ók bifreiðinni í síðargreint sinn, enda kvaðst hann hafa

drukkið mikið magn áfengis, þar sem hann dvaldi að Laugavegi 51 um kvöldið, aðallega brennivín og sherry. Ákærði kvaðst hafa drukkið um hálfu flösku af sherry á heimili sínu milli kl. 1300 og 1400 þennan dag. Ákærði viðurkendi, að hann hefði verið sviptur ökuréttindum, er aksturinn átti sér stað.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er að sök gefið í öðrum hluta ákæruskjals, og þar þykir réttilega heimfært til refsíákvæða.

Með alkóhólrannsókn og játningu ákærða, sem hvort tveggja fær stoð í öðrum gögnum málsins, telst einnig sannað, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er að sök gefið í þriðja hluta ákæruskjals og þar þykir réttilega heimfært til refsíákvæða.

III.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dagsettu 1. apríl 1981, hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1970 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 16/9 1970.
- 1970 31/12 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 31/12 1970.
- 1971 11/7 í Reykjavík: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1971 30/11 á Sauðárkróki: Sátt, 800 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1974 11/3 í Reykjavík: Dómur: 7 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 8 mán. frá 11/3 1974.
- 1978 20/7 í Kópavogi: Dómur: 5 mán. fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, fyrir brot gegn 244. gr. og 254. gr. hegningarlaga.
- 1977 13/4 í Vestmannaeyjum: Sátt, 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.
- 1979 24/10 í Reykjavík: Dómur: 6 mán. fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr. og 1. mgr. 247. gr. hegningarlaga.
- 1979 25/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mán. fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1980 9/4 í Reykjavík: Dómur: 225.000 kr. sekt fyrir brot gegn

25. gr. og 37. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1980.

- 1980 11/7 í Reykjavík: Dómur: 400.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 25/1 1981 (hegningarauki).
- 1980 24/9 í Reykjavík: Dómur: 300.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr., 1. mgr. 28. gr., sbr. 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 6 mán. frá 25/1 1982 (hegningarauki).
- 1981 26/2 í Reykjavík: Dómur: 10 mán. fangelsi fyrir brot á 155. og 244. gr. hegningarlaga, 24., 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur frá 26. febrúar sl. kemur fram, að með dómi sakadóms Sauðárkróks nr. 22/1976, uppkveðnum 19. maí 1980, sem dómariinn hefur aflað sér ljósrits af, var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 155. gr., 244. gr., 248. og 259. gr. almennra hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Með dómi þessum er honum gert að sæta 30 mánaða fangelsi og hann sviptur ökuleyfi ævilangt frá 29. mars 1979.

Ljóst er, að dómur, sem kveðin voru upp í sakadómi Reykjavíkur 11. júlí og 24. september 1980, voru kveðin upp án vitnenskju um dóm sakadóms Sauðárkróks.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978.

Brot ákærða, sem fjallað er um í dómi þessum, eru öll framin áður en síðasti refsisdómur yfir honum var kveðinn upp þann 26. febrúar 1981, og brot þau, sem ákærði framdi þann 29. júlí sl., eru framin áður en dómurinn frá 24. september 1980 var kveðinn upp. Ber því að dæma honum hegningarauka skv. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fangelsi í 45 daga.

Þar sem um ítrekað brot ákærða er að ræða skv. 71. gr. almennra hegningarlaga, sbr. dómarnir frá 9. apríl og 11. júlí 1980, sbr. og dóm sakadóms Sauðárkróks frá 19. maí sama ár, þykir rétt að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks er ákærði dæmdur skv. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Viðar Ágústsson, sæti fangelsi í 45 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 25. maí 1982.

Nr. 264/1981. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vara-
ríkissaksóknari)

gegn

Halldóri Lárusi Péturssyni

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974 og 173. gr. a alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thorodd-
sen og Magnús P. Torfason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði málinu að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1981, og er málinu áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu. Ágrip máls barst Hæstarétti 7. apríl 1982.

Af hendi ákærvalds er krafist „staðfestingar hins áfrýj-
aða dóms að því er varðar sakfellingu í einstökum ákæru-
liðum“ svo og staðfestingar á ákvæðum dómsins um eignar-
upptöku og sakarkostnað. Þá er krafist þyngingar refsingar.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði sýknaður af kröf-
um ákærvalds samkvæmt III. og IV. lið ákæru og að hon-
um verði dæmd vægasta refsing, sem lög leyfa, fyrir önnur
brot, er ákæran varðar, og verði þau aðeins talin varða við
lög nr. 65/1974.